

Háskólinn á Bifröst  
Vormisseri 2010

# *Fjármagnstekjuskattur á Íslandi*

Skila skattahækkningar á fjármagnstekjum meiri tekjum í ríkissjóð?  
Ber að greiða fjármagnstekjuskatt af kaup- og söluréttarsamningum?

Þórður Guðjónsson

Lokaritgerð í Viðskiptafræði





## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit .....	3
Ágrip .....	5
Inngangur .....	6
I. Tilkoma fjármagnstekjuskatts á Íslandi .....	10
i. Skattlagning fjármagnstekna fyrir upptöku fjármagnstekjuskatts.....	10
ii. Aðdragandi samræmdrar skattalagningar á fjármagnstekjur.....	10
iii. Markmiðin og mögulegar leiðir.....	12
iv. Samantekt á tillögum í sex liðum .....	13
v. Möguleg áhrif og afleiðingar með samræmdri skattlagningu .....	15
vi. Skattlagning fjármagnstekna í öðrum löndum .....	16
vii. Lög nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur .....	19
Niðurlag úr fyrri hluta .....	20
II. Samræmdur fjármagnstekjuskattur á Íslandi.....	21
i. Innheimta og framkvæmd samkvæmt lögum nr. 94/1996.....	21
ii. Breytingar á lögum nr. 94/1996 - 1.7. 2009 og 1.1. 2010.....	22
iii. Samanburður á milli landa .....	24
iv. Tekjur ríkisins af fjármagnstekjuskatti .....	26
v. Sérstök umfjöllun um arðgreiðslur á árunum 2003 til 2008.....	29
vi. Samanburður á launaskatti og fjármagnstekjuskatti .....	30
vii. Hverning tókst samræming skatts á fjármagnstekjur? .....	37
viii. Álitamál um fjármagnstekjuskatt.....	40
Niðurlag úr seinni hluta .....	44
Niðurlag ritgerðarinnar .....	45
Niðurstöður rannsóknarspurningar .....	47
Skila skattahækkunir á fjármagnstekjur meiri tekjum í ríkissjóð? .....	47
Ber að greiða fjármagnstekjuskatt af kaup- og söluréttarsamningum?.....	50
Lokaorð .....	52
Heimildaskrá .....	53
Fræðibækur .....	53
Lög .....	53
Skýrslur .....	53
Heimildir af veraldarvefnum .....	54
Dómar og úrskurðir .....	54

Háskólinn á Bifröst  
Vormisseri 2010

# Fjármagnstekjuskattur á Íslandi

Skila skattahækkunir á fjármagnstekjum meiri tekjum í ríkissjóð?  
Ber að greiða fjármagnstekjuskatt af kaup- og söluréttarsamningum?

Þórður Guðjónsson

BS-ritgerð í Viðskiptafræði

## Ágrip

---

Fjármagnstekjuskattur er eitt af nýyrðunum sem hafa orðið til á Íslandi á síðustu tveimur áratugum í þeim mikla vexti sem átti sér stað á þeim tíma, þá sér í lagi vexti atvinnu-, viðskipta- og fjármálalífs. Fyrir tilkomu fjármagnstekjuskatts í upphafi árs 1997 voru fjármagnstekjur skattlagðar sem almennar tekjur með ýmsum ívilnunum en vaxtatekjur voru skattfrjálsar.

Fjármagnstekjuskattur er að vissu leyti samtvinnaður þeim uppgangi sem átti sér stað á íslenskum fjármálamarkaði frá miðjum tíunda áratug síðustu aldar allt fram til dagsins í dag. Fjármagnstekjuskattur er sá skattstofn sem hvað mest hefur vaxið á undanförunum áratug og hafa tekjur ríkissjóðs sem og hlutdeild hans í heildarskattstofni ríkissjóðs margfaldast á stuttum tíma.

Í ritgerð þessari, sem verður á fræðilegum nótum, mun höfundar varpa nánara ljósi á þetta fyrirbæri sem fjármagnstekjuskattur er. Farið verður yfir aðdraganda tilkomu hans, saga hans rakin, samanburður gerður á honum og almennum launaskatti og álitamál er tengjast honum tekin fyrir. Höfundur leitast við að skrifa ritgerðina á mannamáli þannig að hún geti líka gagnast og aukið skilning þeirra sem enga sérfræðipækkingu hafa á viðfangsefninu eða viðskiptalífinu almennt.

Lítið er til af rituðum fræðibókum um skattamál á Íslandi og fækkar enn frekar í þeim hópi þegar að kemur að sértækum skatti eins og fjármagnstekjuskatti. Heimildavinna fór því að mestu leyti fram á veraldarvefnum þar sem mikið er til af efni er snýr að viðfangsefnum ritgerðarinnar, bæði frá opinberum aðilum sem og upplýsingar sem birtar hafa verið í almennum fjölmiðlum. Einnig er stuðst við tölvupóst og í einu tilfelli við munnlega heimild.

## Inngangur

---

Samræmdur fjármagnstekjuskattur á allar fjármagnstekjur var tekinn upp á Íslandi þann 1. janúar 1997. Fram að þeim tíma höfðu vaxtatekjur verið skattfrjálsar, en aðrar fjármagnstekjur voru skattlagðar eins og almennar launatekjur, þó með ýmsum ívilnunum. Skatttekjur ríkissjóðs vegna fjármagnstekna hafa stóraukist frá upptöku hans og það sama má segja um hlutfall fjármagnstekjuskatts af heildarskatttekjum ríkissjóðs. Fjármagnstekjuskattur leggst fyrst og fremst á einstaklinga, en fjármagnstekjur lögaðila eru ekki aðgreindar frá öðrum tekjum og innheimtist því almennur tekjuskattur af fjármagnstekjum lögaðila. Engu að síður er ríkissjóður fjármagnstekjuskattsskyldur, sem þýðir að ríkissjóður hefur á þessum tíma greitt fjármagnstekjuskatt af söluhagnaði fyrirtækja sem voru í ríkiseigu í svokallaðri einkavæðingu ríkisfyrirtækja, meðal annars vegna sölu Landsímans.

Ritgerðin skiptist í tvo hluta. Fyrri hluti fjallar um aðdraganda þess að fjármagnstekjuskattur var tekinn upp á Íslandi þann 1. janúar 1997, en fjármagnstekjuskattur er í raun samheiti yfir samræmda skattlagningu allra fjármagnstekna. Það er vægt til orða tekið þegar sagt er að málið hafi verið einfalt og að allir væru sammála um hvaða leiðir ætti að fara, hver áhrifin og afleiðingarnar yrðu. En um eitt voru þó flestir sammála um en það var að skattleggja bæri vaxtatekjur á Íslandi, því fram til þess tíma höfðu þær einar tekna verið skattfrjálsar. Í öðrum hluta verður farið yfir „sögu“ fjármagnstekjuskatts og það sem máli skiptir (varðandi hann) frá tilkomu hans til dagsins í dag.

Fyrsti kafli fyrri hlutans fjallar um skattlagningu fjármagnstekna fyrir upptöku fjármagnstekjuskatts en þar verður farið yfir hvernig skattlagningu fjármagnstekna var háttað fram að þeim tíma þegar að fjármagnstekjuskattur var tekinn upp. Farið verður yfir þá fjóra þætti sem að mynda skattstofn fjármagnstekna og hverjar tekjur ríkissjóðs voru af þeim þar til fjármagnstekjuskattur var tekinn upp.

Kaflinn um *aðdraganda samræmdrar skattlagningar á fjármagnstekjur* fjallar um hvers vegna samræmdur fjármagnstekjuskattur var tekinn upp. Ástæðan var fyrst og fremst sú að ekki þótti lengur við hæfi eða boðlegt að vaxtatekjur á Íslandi væru skattfrjálsar á meðan einstaklingar

þurftu að greiða skatt af öllum öðrum tekjum sínum. Kynnt er til leiks nefnd sem falið var að koma með tillögur um samræmda skattlagningu fjármagnstekna, en í henni áttu sæti aðilar allra stjórnmalaflokka á landi, ásamt aðilum ASÍ og VSÍ, auk starfsmanna fjármálaráðuneytis og ríkisskattstjóra.

Í kaflanum *Markmiðin og mögulegar leiðir* er fjallað um þau markmið sem unnið var út frá og hugsanlegar leiðir sem hægt væri að fara til að samræma skattlagningu fjármagnstekna. Þar eru sett fram þrjú meginmarkmið með samræmingu skattlagningar fjármagnstekna. Þau eru í fyrsta lagi að afla tekna fyrir ríkissjóð, í öðru lagi að jafna tekjuskiptingu í þjóðfélaginu og í þriðja lagi að hafa áhrif á athafnir einstaklinga og fyrirtækja með það fyrir augum að örva fjárfestingar í fyrirtækjum. Þrír möguleikar eru kynntir sem hugsanlegar leiðir. Sá fyrsti væri að skattleggja raunvexti með sama hætti og aðrar tekjur. Annar möguleiki væri að skattleggja nafnvexti með lágu skatthlutfalli. Sá þriðji að skattleggja nafnvexti á framtali í eftiráuppgjöri. Það var möguleiki eða leið númer tvö sem nefndinni þótti fýsilegast að fara.

Í kaflanum um *Samantekt á tillögum nefndarinnar í sex liðum*, er gerð grein fyrir þeim sex tillögum sem nefndin leggur til að notaðar verði við gerð á frumvarpi til laga um samræmda skattlagningu fjármagnstekna.

Í kaflanum um *Möguleg áhrif og afleiðingar* (með)(er rætt um) tilkomu skattlagningar vaxta með hliðsjón af einstaklingum, tekjuöflun ríkissjóðs og sparnaðar- og vaxtastigs. Tilkoma samræmdrar skattlagningar var talin hafa veruleg áhrif á hinar ýmsu athafnir einstaklinga, fyrirtækja og á fjármálamarkaðinn á Íslandi í heild sinni.

Í kaflanum um *Skattlagningu fjármagnstekna í öðrum löndum* er skoðað, með hliðsjón af þeim löndum, hvernig bera ætti sig að við samræmingu skattlagningarinnar. Farið er yfir þau áhrif og afleiðingar sem frjálst flæði fjármagns hefur haft í för með sér. Jafnframt er fjallað um þá umræðu sem var í gangi innan ESB og reynt að draga fram hvaða aðgerðir væri heppilegast fyrir Ísland að gera í þeim efnium. Fram kemur að alls staðar nema á Íslandi væru vaxtatekjur skattlagðar, þó á mismunandi hátt, en eitt er þó sameiginlegt með þeim löndum sem skoðuð eru að skatthlutfall fjármagnstekna er aldrei hærra en hæsta skatthlutfall sem almennar tekjur eru skattlagðar útfrá.

Í síðasta kafla fyrri hluta eru *Lög nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur* kynnt til sögunnar, en það eru lögin sem alþingi samþykkti þann 5. júní 1996 og tóku gildi þann 14. júní 1996. En lögin eru einmitt afrakstur vinnu nefndarinnar sem tíðrætt er um í fyrri hluta ritgerðarinnar.

Síðar hluti skiptist í eftirfarandi kafla.

Í fyrsta kafla er fjallað um *innheimtu og framkvæmd á fjármagnstekjuskatti samkvæmt lögum nr. 94/1996* um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

Í öðrum kafla eru svo *breytingar á lögum nr. 94/1996 með gildistöku* 1. júlí 2009 og 1. janúar 2010 teknar fyrir. Farið verður yfir breytingar sem orðið hafa á hverjum flokki fjármagnstekna fyrir sig.

Í þriðja kafla er farið í nánari *samanburð á milli landa* en gert var í fyrri hlutanum. Ísland er þar borið saman við nokkur af nágrannalöndum okkar, þar sem upplýsingarnar eru settar upp í töflu og þeim gerð skil á greinargóðan hátt.

Fjórði kafla fjallar svo um *tekjur ríkisins af fjármagnstekjuskatti*, það er að segja hvernig tekjurnar hafa þróast frá upptöku á samræmdum fjármagnstekjuskatti og að sama skapi hvernig þær hafa vaxið sem hlutfall af heildarskatttekjum ríkissjóðs.

Í kafla fimm er svo farið sérstaklega yfir þróun arðgreiðslna og hvernig þær skiluðu sér til ríkissjóðs á árunum 2003 til 2008. Sérstaklega er horft til „gervimanns í útlöndum“ sem skaut upp kollinum fyrir nokkrum árum sem stærsti arðgreiðsluþiggjandinn meðal einstaklinga.

Kafli sex fjallar svo um það hvernig menn bera saman epli og appelsínur, en með því er átt við að horft er til nafnskatthlutfalls í *samanburði á launaskatti og fjármagnstekjuskatti*. Því er nefnilega oft haldið á lofti að ósannngjarnt sé að þeir sem fá fjármagnstekjur borgi aðeins 10% (síðar 18%) skatt á meðan að launatekjur beri tæplega 40% skatt og að þarna sé um tæplega 30 prósentustiga mismun að ræða.

*Hvernig tókst samræming skatts á fjármagnstekjur* er svo umfjöllunarefni sjöunda kafla. Þar verður farið yfir hvernig til tókst út frá markmiðunum sem lagt var upp með í byrjun, ásamt því að skoða hvort ræst hafi úr hugsanlegum áhrifum og afleiðingum með tilkomu fjármagnstekjuskatts.



Sá áttundi tekur svo fyrir *álitamál vegna fjármagnstekjuskatts*. Þar verða valréttarsamningar sérstaklega teknir fyrir með tilliti til kaup- og söluréttarsamninga og hvernig haga ætti skattlagningu á þeim. Þá er þreifað á þeim rannsóknum sem skattrannsóknarstjóri stendur nú fyrir vegna vangoldinnar skattheimtu af afleiðusamningum sem einstaklingar gerðu í skjóli gömlu bankana.

Við skrif ritgerðarinnar rakst höfundur á ósamræmi í tölum opinberra aðila. Um er að ræða tölur annars vegar frá Hagstofu Íslands og fjármálaráðuneyti hinsvegar. Eftir að hafa grennslast fyrir um ástæður þessa ósamræmis kom í ljós að þjóðhagsreikningur sem Hagstofa Íslands birtir er byggður á rekstrargrunni en tölur frá fjármálaráðuneyti eru byggðar á greiðslugrunni. Í þjóðhagsreikningum er reynt að skrá þann skatt sem líklegastur er til að innheimtast en ekki þann sem lagður er á. Höfundur ákvað þess vegna að notast við tölulegar upplýsingar frá Hagstofu Íslands við gerð ritgerðarinnar.

## I. Tilkoma fjármagnstekjuskatts á Íslandi

### i. Skattlagning fjármagnstekna fyrir upptöku fjármagnstekjuskatts

Fram að gildistöku laga um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur voru allar fjármagnstekjur skattlagðar eins og launatekjur, þó með hinum ýmsu frádráttarmöguleikum og frítekjumörkum, að undanskildum vaxtatekjum. Hér að neðan er gerð grein fyrir skattlagningu mismunandi tekna fyrir upptöku fjármagnstekjuskatts.

- *Vaxtatekjur* voru skattfrjálsar.
- *Arðgreiðslur* báru 42-47% tekjuskatt ef arðgreiðslan fór fram yfir frítekjumörkin sem voru 131.000 krónur á einstakling 262.000 krónur hjá hjónum. Tekjur ríkisins árið 1994 af arðgreiðslum voru um 160 milljónir króna.
- *Húsaleigutekjur* báru 42-47% tekjuskatt með heimilum frádrætti en heimill var frádráttur upp á 80% af leigutekjunum en þó ekki meira en nam 25.000 krónum á mánuði. Tekjuskattsinnheimta ríkisins var áætluð um 170-180 milljónir króna árið 1995.
- *Söluhagnaður* sem fellur til við sölu íbúða, hlutabréfa, lausafjár og bújarða bar að sama skapi 42-47% tekjuskatt með mismunandi frádráttarmöguleikum.
  - Tap af sölu hlutabréfa, sem verður til innan árs frá söluhagnaði hlutabréfa, var frádráttarbært af söluhagnaðinum.
  - Söluhagnaður af íbúðarhúsnæði var skattfrjálss svo framarlega sem seljandinn ætti húsnæðið yfir tvenn áramót og keypti nýtt húsnæði innan fimm ára.<sup>1</sup>

### ii. Aðdragandi samræmdrar skattlagningar á fjármagnstekjur

Lengi vel hafði það verið stefnan að koma á skattlagningu fjármagnstekna á Íslandi. Þrátt fyrir hinar ýmsu nefndir og tillögur gekk ekki eftir að vinna frumvarp um skattlagningu fjármagnstekna. Vorið 1995 var nefnd sem skila átti álit og tillögum um samræmda skattlagningu fjármagnstekna (hér eftir nefndin) skipuð af þáverandi fjármálaráðherra, Friðrik Sophussyni. Í nefndinni áttu sæti aðilar allra þingflokka sem og fulltrúar ASÍ og VSÍ. Formaður nefndarinnar var skipaður Ásmundur Stefánsson frá ASÍ. Með nefndinni störfuðu svo hinir ýmsu

<sup>1</sup> Útgefin rit Fjármálaráðuneytis, Álit og tillögur nefndar um samræmda skattlagningu fjármagnstekna. Bls. 27-33. Febr. 1996

starfsmenn fjármálaráðuneytisins sem og yfirlögfræðingur ríkisskattstjóra. Sjónarmið nefndarmanna voru ólík en grundvöllur nefndarstarfsins var engu að síður að ná fram samstöðu um málið og koma með tillögum sem væru þá málamiðlun ólíkra sjónarhorna og viðhorfa til skattlagningar fjármagnstekna.

Forsaga málsins hófst í raun í tíð ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar á árunum 1988-1990 þar sem nefnd vann að tillögum um skattlagningu fjármagnstekna, án þess að sú ríkisstjórn hafi náð að koma með heildstæða niðurstöðu varðandi skattlagningu fjármagnstekna. Vorið 1992 skilaði önnur nefnd, skipuð af þáverandi fjármálaráðherra Friðriki Sopussyni, tillögum að skattlagningu raunvaxta en sú nálgun þótti of flókin í framkvæmd og komst aldrei á dagskrá alþingis.<sup>2</sup> Eitt var það þó sem vannst með þessu, en það var sú umræða sem fylgdi í kjölfarið og varð þess valdandi að málið var ekki lagt til hliðar. Umræðan náði að skapa almenna samstöðu um meginmarkmiðið, þ.e. að tryggja að allar fjármagnstekjur yrðu skattlagðar sama hvers eðlis þær væru.<sup>3</sup>

Grunnmarkmið skattlagningar fjármagnstekna voru í meginatriðum þrenns konar.

1. að afla tekna fyrir ríkissjóð.
2. að jafna tekjuskiptingu í þjóðfélaginu.
3. að hafa áhrif á athafnir einstaklinga og fyrirtæki með það fyrir augum að örva fjárfestingar í fyrirtækjum.

Fram að þessum tíma höfðu skattar á vaxtatekjur ekki verið til staðar, en skattar höfðu þó verið lagðir á tekjur af húsaleigu, arðgreiðslur og söluhagnaði hvers konar. Eins og fram hefur komið þá voru sjónarmiðin ólík en niðurstaða var samt á þá leið að æskilegt væri að skattleggja vaxtatekjur. Í raun var það svo að það sjónarmið var við lýði fyrir skipan nefndarinnar varð ofan á en óvissan um áhrif skattlagningarinnar kom í veg fyrir að henni yrði komið í framkvæmd. Helstu óvissu áhrifin voru til að mynda áhrifin á sparnað, á vaxtastig, á fjárstreymi til og frá landi og almennt á stöðuna á fjármálamarkaðnum hér á landi. Einnig voru áhrifin sem skattlagningin hefði á afkomu þeirra lægst launuðu visst áhyggjuefni útaf fyrir sig.

---

<sup>2</sup> [http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=271384](http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=271384)

<sup>3</sup> Útgefin rit Fjármálaráðuneytis, Álit og tillögur nefndar um samræmda skattlagningu fjármagnstekna. Bls. 18. Febr. 1996

Því var ákveðið að varlega yrði farið í skattlagninguna, þannig að skatthlutfallið yrði lágt og framkvæmd eins einföld og nokkur kostur væri. Tillögurnar voru því í stórum dráttum tvær.

1. að skattleggja vaxtatekjur.
2. að skattleggja allar fjármagnstekjur á svipaðan hátt.

Niðurstaðan varð sú að skattleggja allar fjármagnstekjur með flötum 10% skatti en á móti yrði enginn frádráttur á móti fjármagnstekjunum heimilaður.<sup>4</sup>

### iii. Markmiðin og mögulegar leiðir

Eins og áður hefur komið fram þá setti nefndin sér grunnmarkmið til að vinna út frá er hún kom saman og hóf störf. Á síðari stigum nefndarstarfsins voru þau markmið nánar útfærð og var niðurstaða meginmarkmiða í raun þá orðin fimmþætt.

1. Að tryggja að allar fjármagnstekjur verði skattlagðar.
2. Að samræming tekjuskattlagningarinnar valdi sem minnstri röskun á fjármálamarkaði, með tilliti til þess að hún valdi ekki hækkun stýrivaxta, minnkandi sparnaði og fjármagnsflótta.
3. Að sparifjáreigendur verði ekki skattlagðir umfram það sem gengur og gerist í öðrum löndum.
4. Að jafna út skattlagningu fjármagnstekna þannig að skattlagningin sem slík hafi sem minnst um það að segja hvernig einstaklingar ákveða að ráðstafa sínum sparnaði.
5. Að framkvæmdin verði sem einföldust fyrir skattgreiðendur og skatteftirlitið sem ódýrast fyrir yfirvöld.<sup>5</sup>

Valið stóð fyrst og fremst á milli tveggja kosta. Annars vegar lágt skattahlutfall án þess að tillit væri tekið til vaxtagjalda, verðbólgu eða vaxta og hins vegar hærra skatthlutfall þar sem þessir þættir væru teknir inn í reikninginn. Leiðirnar að þessum kostum voru þrjár:

1. Að skattleggja raunvexti með sama hætti og aðrar tekjur. Rökin með þessari leið voru fyrst og fremst þau að það sé sanngjarnara að skattleggja raunávöxtun heldur en nafnávöxtun. Mótrökin voru að skattframtal yrði of snúið og torskilið og á færra færi að gera án sérfræðiaðstoðar. Að sama skapi yrði allt eftirlit mun erfiðara. Ennfremur benti

<sup>4</sup> Útgefin rit Fjármálaráðuneytis, Álit og tillögur nefndar um samræmda skattlagningu fjármagnstekna. Bls. 3-45. Febr. 1996

<sup>5</sup> Útgefin rit Fjármálaráðuneytis, Álit og tillögur nefndar um samræmda skattlagningu fjármagnstekna. Bls.18. Febr. 1996

nefndin á þá staðreynd að stökkið úr núll prósent skattlagningu á vexti í 42-47% væri hættulega mikið og gæti haft neikvæð áhrif á innlendan sparnað.

2. Að skattleggja nafnvexti með lágu skatthlutfalli. Kostirnir og þar með rökin fyrir þessari leið eru í fyrsta lagi að framkvæmdin er einfaldari og gerir staðgreiðslu sem flestra fjármagnstekna mögulega. Í öðru lagi minnkar lágt skatthlutfall líkurnar á neikvæðum áhrifum á sparnað, vexti og fjárstreymi úr landi. Í þriðja lagi auðveldar þessi leið samræmingu skattlagningar fjármagnstekna og stuðlar þannig að minni áhrifum skattkerfisins á ákvarðanir einstaklinga um það hvernig þeir haga sínum sparnaði og ráðstöfun eigna sinna. Helstu ókostirnir eru fyrst og fremst þeir að skattlagning á raunávöxtun er samtvinnuð verðbólgu. Það er að segja, því hærri verðbólga þeim mun hærri skattlagning á raunvexti og að sama skapi þeim mun lægri raunvextir og hærri verðbólga leiðir til hærri skattlagningar.
3. Að skattleggja nafnvexti á framtali í eftirúppgjöri. Að mati nefndarinnar var þetta sú leið sem þeim hugnaðist síst af þeim þremur sem skoðaðar voru. En eftiráskattlagning reynir mjög á eftirlitið, líkur á skattsvikum aukast og framkvæmdin verður umfangsmeiri og dýrari.<sup>6</sup>

#### *iv. Samantekt á tillögum í sex liðum*

Í þessum kafla verður farið yfir sex tillögur sem lagðar voru fram sem grunnhugmyndir að frumvarpi til laga um samræmda skattlagningu á fjármagnstekjur. Tillögurnar voru eftirfarandi:

1. *10% skattur verði lagður á allar fjármagnstekjur einstaklinga.*

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir skattlagningu vaxtatekna og í öðru lagi er gert ráð fyrir samskonar skattlagningu á aðrar fjármagnstekjur. Skattur greiðist af nafnvöxtum og því er það álit nefndarinnar að skattprósentan verði að vera lág eða 10%, sem er ásættanlegt miðað við verðbólgu sem nú er, eða rétt um 2%.<sup>7</sup> Ef forsendubreyting á sér stað hlýtur skatthlutfallið að verða endurskoðað.

<sup>6</sup> Útgefin rit Fjármálaráðuneytis, Álit og tillögur nefndar um samræmda skattlagningu fjármagnstekna. Bls.18-24. Febr. 1996

<sup>7</sup> [http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=263567](http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=263567)

2. *Skattur innheimtur í staðgreiðslu eða, ef því væri ekki viðkomið, á framtali.*

Álagning og skattskil höfð eins einföld og kostur er. Bankaeftirlit og skattaeftirlit eiga að tryggja að rétt sé haldið á málum, þó þannig að bankaleynd haldist og skattskil séu traust án mikils tilkostnaðar vegna skattaeftirlits.

3. *Hægt að nota ónýttan persónuafsláttur til frádráttar, en ekkert frítekjumark.*

Nefndin var sammála um að frítekjumark auka flækjustig skattlagningar og kalli á hærri skattlagningu. Því er lagt til að ónýttur persónuafsláttur gangi upp í greiðslu fjármagnstekjuskatts, þeim efnaminni til hagsbóta.

4. *Skattur reiknist á allar fjármagnstekjur án frádráttar vaxtagjalda og kostnaðar.*

Að mati nefndarinnar getur það orðið snúið að meta hvort vaxtagjöld til frádráttar séu tilfallin vegna eignarinnar eður ei. Frádráttur, eins og frítekjumark, kallar eftir hærri vaxtastigi. Einnig stangast hugmyndin um frádrátt á við aðaláherslu nefndarinnar að halda framkvæmd skattlagningar einfaldri og skatthlutfallinu lágu.

5. *Skattlagning verði almenn, engar undantekningar. Tekjur lífeyrissjóða og söluhagnaður íbúðarhúsnæðis verði ekki skattlagt.*

Ástæða þess að tillaga nefndarinnar hljóðar upp á að tekjur lífeyrissjóða verði undanþegnar skattlagningu er að koma í veg fyrir aukið misræmi í réttindum sjóðsþega á almennum markaði og þeirra sem að fá greitt úr sjóðum á vegum hins opinbera og banka. Hinir síðarnefndu fá greiddan lífeyri óháð iðgjöldum og ávöxtun á meðan þeir fyrrnefndu eru háðir því hvað er greitt af iðgjöldum og hver ávöxtun lífeyrissjóða er hverju sinni. Skattlagning tekna lífeyrissjóða myndi þannig ýta undir aukið misræmi á milli þessara hópa.

6. *Tekjutenging bótagreiðslna hins opinbera verði endurskoðuð í kjölfar skattlagningar.*

Þó að það rúmist ekki innan verksviðs nefndarinnar, þá telur hún eðlilegt að sama reglan gildi um allar fjármagnstekjur og aðrar tekjur og hafi þannig áhrif á tekjutengdar bótagreiðslur hins opinbera.<sup>8</sup>

---

<sup>8</sup> Útgefin rit Fjármálaráðuneytis, Álit og tillögur nefndar um samræmda skattlagningu fjármagnstekna.Bls. 7-10. Febr. 1996

## v. Möguleg áhrif og afleiðingar með samræmdri skattlagningu

Tilkoma samræmdrar skattlagningar var talin hafa veruleg áhrif á hinar ýmsu athafnir einstaklinga, fyrirtækja og á fjármálamarkaðinn á Íslandi í heild sinni. Leitast var eftir því að meta áhrifin á skattstofn fjármagnstekna og heildartekjur ríkisins. Reynt var að meta áhrif á einstaklinga út frá stöðu þeirra, eða réttara sagt tekjum þeirra. Jafnframt eru hugsanleg áhrif á sparnað og vaxtastig í landinu. Hér verður gert grein fyrir áhrifum og afleiðingum samræmdrar skattlagningar á fjármagnstekjur, út frá sjónarhóli þriggja þátta.

1. *Skattstofnar fjármagnstekna:* Heildarskattstofn af fjármagnstekjum árið 1994 var samtals um 15-16 milljarðar króna, sem skiptust þannig; vaxtatekjur 13 milljarðar króna, arður 800 milljónir króna, söluhagnaður 300 milljónir króna og húsaleigutekjur 1,5 milljarður króna. Út frá þessum skattstofni og hugsanlegu tekjutapi vegna lægra skatthlutfalls vegna arðs, leigu og söluhagnaðar sem og frádráttar vegna ónotaðspersónuafsláttar áætla nefndin að heildartekjur ríkissjóðs vegna tilkomu samræmds fjármagnstekjuskatts vera um 1 milljarð króna.<sup>9</sup>
2. *Einstaklingar:* Fullljóst var að skattlagning vaxtatekna myndi auka skattbyrðina á einstaklinga, sér í lagi þá tekjuhærri þar sem að þeir tekjuháu hafa að jafnaði mun meiri og hærri fjármagnstekjur heldur en tekjulágir einstaklingar. Þannig myndi tilkoma skattlagningar vaxtatekna stuðla að tekjujöfnuði í þjóðfélaginu og muni hún gera gott betur en að veða upp á móti þeirri skattlækkun sem yrðia tekjum af arði og söluhagnaði. Ætla má að einstaklingar sem hafa frekar fjárfest í skattfrjálsum ríkisskuldabréfum muni í auknum mæli færa sig yfir í hlutabréf við fyrirhugaðar breytingar, sem ætti þá að leiða til aukningar á arðgreiðslum og söluhagnaði sem myndi þá stækka skattstofninn og auka þar með skattheimtu af þessum tveimur liðum. Rökstuðningurinn með því að samræma skattlagningu fjármagnstekna gengur út á að hún muni stuðla að sterkari eiginfjárstöðu fyrirtækja og einnig að öflugri uppbyggingu atvinnulífs, sér í lagi minni og meðalstórra fyrirtækja, með aukinni þátttöku og fjárfestingu einstaklinga sem fram að þessu

<sup>9</sup> Útgefin rit Fjármálaráðuneytis, Álit og tillögur nefndar um samræmda skattlagningu fjármagnstekna. Bls.35-38. Febr. 1996

höfðuhafa ávaxtað sparifé sitt að mestu leyti í skattfrjálsum vaxtatekjum, til að mynda á innlánsreikningum og í ríkisskuldabréfum.<sup>10</sup>

3. *Vextir og sparnaður*: Skiptar skoðanir voru um þau áhrif sem kynnu að verða á, , með tilkomu samræmdrar skattlagningar á fjármagnstekjur, vaxtarstig og sparnað í landinu. Flestir eru þó sammála um að vegna stöðunnar á alþjóðamarkaði, sér í lagi vegna frjáls flæðis fjármagns, sé það fremur óljóst hver áhrifin á sparnað og vaxtastig kunni að verða. En grundvallarhugmyndir hagfræðinnar gera ráð fyrir því að skattlagning vaxtatekna muni valda því að vextir hækki og að dregið geti úr sparnaði. Á móti kemur að skattalækkun á tekjur af arðgreiðslum gerir það að verkum að sparnaður færir frá sparnaði sem var skattfrjáls yfir í sparnaðarleiðir, eins og arðgreiðslur, sem munu bera lægri skatta en þær gerðu áður. En jafnframt má gera ráð fyrir að eitthvað kunni að draga úr sparnaði einstaklinga til skamms tíma. Þannig er það talið líklegt að tilkoma samræmdrar skattlagningar á fjármagnstekjur stuðli að auknum fjárfestingum einstaklinga í atvinnulífinu og muni þannig, til lengri tíma séð, hafa jákvæð áhrif á vexti og sparnað í landinu.<sup>11</sup>

## vi. Skattlagning fjármagnstekna í öðrum löndum

Árið 1994 kom út skýrsla frá Efnahags- og þróunarsamvinnustofnuninni í París um skattlagningu fjármagnstekna í aðildarríkjum OECD-landanna. Tilgangurinn með henni var að kanna hvort skattlagning fjármagnstekna væri orsakavaldur í minni sparnaði og fjármagnsskortu til fjárfestinga einstaklinga. Þessa skýrsla þótti endurspeglar umræðuna sem í gangi var á alþjóðavettvangi um skattlagningu fjármagnstekna.<sup>12</sup>

Helstu niðurstöður skýrslunnar fjölluðu um þróunina sem átti hafði sér stað á fjármálamörkuðum með hliðsjón af fjármagnstekjum fram til ársins 1994.

Aukið frjálsræði á fjármagnsmarkaði, með tilkomu frjáls flæðis fjármagns á milli landa, hafði kastað fyrir borð þeim hugmyndum að skattleggja fjármagnstekjur hina ríku með háu skatthlutfalli til að stuðla að tekjufjöfnuði. Þannig varð þróunin sú í OECD löndunum að mjög svo

<sup>10</sup> Útgefin rit Fjármálaráðuneytis, Álit og tillögur nefndar um samræmda skattlagningu fjármagnstekna. Bls.42-44. Febr. 1996

<sup>11</sup> Útgefin rit Fjármálaráðuneytis, Álit og tillögur nefndar um samræmda skattlagningu fjármagnstekna. Bls.44-45. Febr. 1996

<sup>12</sup> Útgefin rit Fjármálaráðuneytis, Álit og tillögur nefndar um samræmda skattlagningu fjármagnstekna. Bls.11. Febr. 1996



dró úr skattlagningu fjármagnstekna. Á bakvið þessa þróun voru tvær meginástæður, sú fyrri var að draga átti úr fjármagnsflóttu úr landi og sú síðari var að draga átti úr undanskoti vaxta frá skatti sér í lagi í þeim löndum þar sem bankaleynd ríkti. Einnig var bent á að skattlagning af arðgreiðslum hafði verið lækkuð, einmitt til þess að ýta undir fjárfestingar einstaklinga í atvinnulífinu. Að lokum var það ein af meginniðurstöðum skýrslu Efnahags- og þróunarsamvinnustofnunarinnar í París að með tilkomu frjáls flæðis á fjármagni hafi skattskil versnað til muna, þar sem að fjármagn leitaði inn í lönd, eins og til dæmis Lúxemborg, þar sem fjármagnstekjur voru skattfrjálsar og algjör bankaleynd ríkti.<sup>13</sup>

Staðan árið 1994 var sú að allar vaxtatekjur voru skattlagðar, með einum eða öðrum hætti, í öllum löndum OECD nema á Íslandi. Engu að síður var skattlagningin nokkuð frábrugðin á milli ríkja, en allsstaðar var skattur lagður á nafnvexti en ekki raunvexti þar sem að raunvaxtahugtakið var nánast óþekkt fyrirbrigði í regluverki annarra ríkja en Íslands.

- Staðgreiðsla var ríkjandi í innheimtu skatts á vaxtatekjur, en í um það bil einum þriðja af löndunum var notast við skattlagningu eftir á eða samkvæmt framtali einstaklinga á hverju ári fyrir sig.
- Í um helmingi ríkjanna voru vaxtagjöld frádráttarbær frá vaxtatekjum áður en til skattlagningar kom, en í flestum tilvikum þó með takmörkunum.
- Ýmsar aðrar ívilnanir voru við lýði eins og frítekjumörk.

Skýrslan varpaði nokkuð skýru ljósi á þá staðreynd að greinilegt samhengi var á milli hárrar skattlagningar og hina ýmsu ívilnana eða frádrátta. Að sama skapi var skatthlutfallið lægra í þeim löndum þar sem lítið var um frádrátt og ívilnanir. Í öllum löndum var þó skatthlutfallið lægra en hæsta skatthlutfall á launatekjur.<sup>14</sup>

Framtíðarhorfur skattlagningar fjármagnstekna í öðrum löndum OECD voru notaðar til að fá fram skýra mynd á hvert væri stefnt út frá fenginni reynslu þeirra ríkja og breyttum forsendum á fjármálamörkuðum. En á þessum tíma voru miklar umræður um samræmingu skattlagningar fjármagnstekna innan efnahagssvæða, til að mynda ESB, þá umræðu leiddu þjóðverjar sem töldu það brýnt að samræma skattlagninguna á milli landa til að koma í veg fyrir fjármagnsflóttu

<sup>13</sup> Útgefin rit Fjármálaráðuneytis, Álit og tillögur nefndar um samræmda skattlagningu fjármagnstekna. Bls.11-12. Febr. 1996

<sup>14</sup> Útgefin rit Fjármálaráðuneytis, Álit og tillögur nefndar um samræmda skattlagningu fjármagnstekna. Bls.12-15. Febr. 1996

og undanskot á skatti. Á þessum tíma vann ESB að stefnumörkun er sneri að skattlagningu fjármagnstekna, en ekki náðist nein sátt um að samræma skattlagningu á fjármagnstekjur innan þess. Á fundi Efnahags- og félagsmálanefndar ESB í september 1994 kom meðal annars fram að hugmyndin væri mjög flókin og viðfangsefnið erfitt. En skattastefna ESB snýst almennt um að tryggja að um sé að ræða einn markað og að frjálst flæði fjármagns sé tryggt. En það er hvert og eitt land sem setur sín lög og reglugerðir um innheimtu skatts.<sup>15</sup> Í greinargerð frá ESB frá 1994 segir meðal annars:

*Skatthlutfallið verður að vera tiltölulega lágt, t.d. 10-12%, en það svarar í grófum dráttum til þess sem sérfræðingar nefna „þröskuld þess að skipta máli“. Svo lengi sem ekki er farið yfir þennan þröskuld má ætla að flestir þeirra sem spara, að frátöldum stóreignamönnum sem oft eru nú þegar að hluta í skattaskjöli, muni fremur velja að greiða skattinn en leita að götum í kerfinu og koma sér fyrir í skattaparadísunum. Hærra skatthlutfalli fylgir hins vegar sú áhætta að fjármagnsflótti bresti á. (sjá greinargerð frá ESB: *Savings-Lines of approach for a European Union policy*, Economic and Social Committee of the European Communities, Brussels, September 1994, bls. 24)<sup>16</sup>*

Með hliðsjón af þessu má sjá að tillögurnar um að innheimta sem mest í staðgreiðslu, að halda skatthlutfallinu lágu og að hafa framkvæmdina einfalda voru í takt við þá þróun og þær umræður um skattlagningu fjármagnstekna sem fóru fram á alþjóðlegum vettvangi á árunum fyrir samræmda skattlagningu fjármagnstekna.<sup>17</sup>

---

<sup>15</sup> [http://europa.eu/pol/tax/index\\_en.htm](http://europa.eu/pol/tax/index_en.htm)

<sup>16</sup> Útgefin rit Fjármálaráðuneytis, Álit og tillögur nefndar um samræmda skattlagningu fjármagnstekna. Bls.16. Febr. 1996

<sup>17</sup> Útgefin rit Fjármálaráðuneytis, Álit og tillögur nefndar um samræmda skattlagningu fjármagnstekna. Bls.15-17. Febr. 1996

## vii. Lög nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur

Í kjölfar skýrslu nefndarinnar lagði ríkisstjórn Íslands fyrir frumvarp til laga um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur á alþingi, sem samþykkt var þann 5. júní 1996 og varð að lögum nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, hér eftir nefnd lög nr. 94/1996.

Fjármagnstekjum má almennt skipta niður í fjóra flokka. Það eru leigutekjur, vextir, arður og söluhagnaður.

1. Leigutekjur og arður af hvers konar lausafé, þar með talin skip og loftför. Arður, landskuld og leigu eftir hvers konar fasteignir og fasteignaréttindi, þar með talin námaréttindi, vatnsréttindi, jarðvarmaréttindi, veiðiréttur og hvers konar önnur fasteignatengd hlunnindi, sbr. 7. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt (hér eftir TSL).
2. Vextir, verðbætur, afföll og gengishagnaður, sbr. 8. gr. TSL.
3. Arður af hlutum og hlutabréfum í félögum, sbr. 11. gr. TSL.
4. Hagnaður af sölu eigna, sbr. 12.-27. gr. TSL.

Svona hljóðar stutt skilgreining á fjármagnstekjuskatti samkvæmt heimasíðu ríkisskattstjóra. *Fjármagnstekjuskattur* er skattur sem leggst á eignatekjur, þ.e. vaxtatekjur, arð, söluhagnað og leigutekjur. Skatturinn er 18% tekjuskattur, en ekki er lagt útsvar á þennan stofn. Einstaklingar utan atvinnurekstrar og aðilar sem undanþegnir eru skattskyldu samkvæmt 4. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, þurfa að greiða fjármagnstekjuskatt. Á lögaðila er ekki lagður sérstakur fjármagnstekjuskattur heldur greiða þeir skatt af fjármagnstekjum eftir sömu reglum og gilda um aðrar tekjur. Sama á við um einstaklinga sem hafa með höndum atvinnurekstur, þ.e. þeir greiða ekki sérstakan fjármagnstekjuskatt vegna fjármagnstekna sem tilheyra atvinnurekstri. Af þeim er þó dregin staðgreiðsla af vöxtum og arði. Nokkrir aðilar eru þó alveg undanþegnir skattskyldu, sbr. 5. mgr. 71. gr. laga um tekjuskatt.<sup>18</sup>

Núverandi skattprósenta, 18% skattur, hefur verið í gildi frá og með 1. janúar 2010. Fjármagnstekjuskattur er innheimtur samkvæmt lögum nr. 94/1996 um greiðslu skatts á fjármagnstekjur.

---

<sup>18</sup> <http://www.rsk.is/einstakl/skattar/fjarmagns>

## *Niðurlag úr fyrri hluta*

---

Hér lýkur fyrri hluta, þar sem fjallað var um aðdraganda þess að fjármagnstekjuskattur var tekinn upp á Íslandi þann 1. janúar 1997. Fjármagnstekjuskattur er í raun samheiti yfir samræmda skattlagningu fjármagnstekna. Það er vægt til orða tekið að málið hafi verið einfalt og að allir væru sammála um hvaða leiðir ætti að fara og hver áhrifin og afleiðingarnar yrðu. En eitt voru þó flestallir sammála um en það var mikilvægi þess að skattleggja bæri vaxtatekjur á Íslandi, en fram til þess tíma höfðu þær verið skattfrjálssar.

Rétt er að taka fram að fjórir nefndarmenn skiluðu sérbókun vegna lokaafgreiðslu nefndar um samræmda skattlagningu á fjármagnstekjur. Þar kom fram að þeir myndu fallast á tillögur nefndarinnar, sér í lagi vegna mikilvægi þess að skattleggja vaxtatekjur, en þeir vildu líta þannig á málið að um fyrstu skref væri að ræða sem síðan þyrfti að útfæra betur og nánar. Þeir áskiludu sér þannig rétt til að koma með breytingartillögur er málið yrði tekið á dagskrá alþingis, sem þeir og gerðu.<sup>19</sup>

---

<sup>19</sup> Útgefin rit Fjármálaráðuneytis, Álit og tillögur nefndar um samræmda skattlagningu fjármagnstekna. Bókun við afgreiðslu mála í nefnd um skatt á fjármagnstekjur. Febr. 1996

## II. Samræmdur fjármagnstekjuskattur á Íslandi

### i. Innheimta og framkvæmd samkvæmt lögum nr. 94/1996

Allt frá gildistöku laga nr. 94/1996 og fram til 1. júlí 2009 var innheimtur í staðgreiðslu flatur 10% fjármagnstekjuskattur á allar fjármagnstekjur. Vaxtatekjur og arðgreiðslur voru innheimtar í staðgreiðslu, en fjármagnstekjuskattur af söluhagnaði og leigutekjum var innheimtur eftir á, samkvæmt framtali einstaklinga og fyrirtækja. Greiðslutímabil fjármagnstekna var almanaksárið með gjalddaga þann 15. janúar og eindagi var 30. janúar ár hvert. Gjalddaginn var ætlaður fyrir skilaskylda aðila, til að standa skil á frádreginni staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts. Þannig var janúar aðalinnheimtumánuður fjármagnstekjuskatts. Skylda til að draga staðgreiðslu af vaxtagreiðslum hvíldi á bönkum og fjármálafyrirtækjum

Lögaðila sem greiðir arð, ber skv. lögum að halda eftir staðgreiðslu fjármagnstekna af arðgreiðslu. Einstaklingum ber að telja fram og upplýsa um allan söluhagnað og leigutekjur á framtali hvers árs.

Samkvæmt lögum var skilaskylduaðila, það er að segja bönkum og fjármálafyrirtækjum, gert að senda þeim aðilum sem skattur var dreginn af yfirlit fyrir hvert tekjuár, ekki seinna en 1. febrúar ár hvert. Sama átti við um lögaðila, en þeim var gert að gefa út hlutafjármiða þar sem upplýsingar um staðgreiðslu komu fram. Ábyrgð vegna skila á fjármagnstekjuskatti var óskipt á milli þess aðila sem átti að greiða fjármagnstekjuskattinn og þess aðila sem hélt honum eftir vegna staðgreiðslu. Þó að því undanskildu að skattskyldur aðili er ekki ábyrgur fyrir þeim skatti sem skilaskyldur aðili heldur eftir, svo framarlega sem skattskyldi aðilinn getur sannað að skilaskyldur aðili hafi dregið af honum. Lögaðilar greiða jafnframt fjármagnstekjuskatt af vaxtatekjum sínum sem og arðgreiðslum, sem þeim ber þó ekki að greiða samkvæmt lögum nr. 94/1996. Fjármagnstekjuskatturinn er þá bókaður sem fyrirframgreiddur skattur og er endurgreiddur í nóvember ár hvert. Árið 2008 var sú skylda lögð á fjármálastofnanir að veita skattayfirvöldum fullan aðgang að upplýsingum um innistæður og vaxtatekjur, sem jafnframt voru fluttar sjálfkrafa inn á framtal skattskyldra. Fram til loka árs 2007 var það í höndum skattskyldra aðila að færa þær upplýsingar inn á framtöl sín.<sup>20</sup>

<sup>20</sup> Vefrit fjármálaráðuneytisins. 3.september 2009.

## ii. Breytingar á lögum nr. 94/1996 - 1.7. 2009 og 1.1. 2010

Þann 1. júlí 2009 tóku gildi breytingar á lögum nr. 94/1996, en þeim hafði í raun ekkert verið breytt að ráði allt frá gildistöku þeirra þann 1. janúar 1997. Breytingum þessum var meðal annars ætlað að mæta auknu tekjutapi ríkissjóðs.

Helstu breytingar voru þær að í stað árlegra skila fjármagnstekjuskatts voru tekin upp ársfjórðungsleg skil, sem leiddi til þess að tekjur af þremur fjórðungum ársins 2009 voru innheimtar á árinu 2009 í stað janúar 2010. En álagning er sneri að einstaklingum breyttist einnig töluvert. Ekki var lengur hægt að hækka skattprósenta afturvirkta, þannig var einstaklingum gert að greiða 10% skatt af fjármagnstekjum sínum frá 1. janúar til 30. júní. Frá tímabilinu 1. júlí til 31. desember var skatthlutfallið hækkað í 15%, af þeim fjármagnstekjum einstaklinga sem fóru yfir 250.000 krónur. Við útreikning fjármagnstekjuskatts vegna söluhagnaðar var miðað við sölundag og vegna arðgreiðslna var arðgreiðsludagurinn notaður til viðmiðs. Af leigutekjum, fyrir sama tímabil, er greiddur fjármagnstekjuskattur af 70% af heildartekjunum.<sup>21</sup>

Þann 1. janúar 2010 tóku hins vegar gildi viðamiklar breytingar sem í raun gjörbreyttu álöggðum skatti á fjármagnstekjur frá því sem áður var. Samkvæmt lögum nr. 94/1996 er nú innheimtur 18% staðgreiðsluskattur af fjármagnstekjum. Eins og áður hefur komið fram er hægt að skipta fjármagnstekjum í fjóra flokka, en eftir breytingar líta þeir svona út.

1. Vaxtatekjur bera 18% skatt með frítekjumarki að upphæð 100.000 krónur hjá einstaklingum en 200.000 krónur hjá hjónum. Að sama skapi má draga frá tapaða vexti af greiddum fjármagnstekjuskatti af vöxtum, svo framarlega að hægt sé að sýna framá að krafan sem vextirnir reiknast af sé töpuð.
2. Arður ber 18% skatt án alls frádráttar.
3. Leigutekjur, þar er greiddur 18% skattur af 70% af heildartekjunum.
4. Söluhagnaður skiptist annars vegar í söluhagnað fasteigna og annarra eignatekna og hins vegar söluhagnað hlutabréfa. Söluhagnaður fasteigna er skattfrjáls ef viðkomandi hefur átt húsnæðið lengur en tvo ár. Frá söluhagnaði hlutabréfa er heimilt að draga tap af sölu hlutabréfa ef tapið er tilkomið á sama ári og hagnaðurinn. Samhliða þessu getur

<sup>21</sup> <http://rsk.is/einstakl/skattar/fjarmagns>

söluhagnaður af hlutabréfum verið skattfrjáls ef hann uppfyllir þrjú skilyrði. En þau eru: að félagið hafi fengið staðfestingu frá ríkisskattstjóra, að hlutabréfin hafi verið keypt á árunum 1990-1996 og að eignarhald nái yfir heil fjögur ár.<sup>22</sup>

Af ofangreindu má sjá má að um ansi viðmiklar breytingar er að ræða á skattkerfinu, en nánar verður fjallað um þær afleiðingar og áhrif sem breytingarnar kunna að hafa á innheimtu fjármagnstekjuskatts í framtíðinni, til skamms tíma og langs tíma litið, síðar í ritgerðinni.

---

<sup>22</sup> <http://rsk.is/einstaki/skattar/fjarmagns>

### iii. Samanburður á milli landa

Þegar bera á saman fjármagnstekjuskatt á Íslandi við önnur lönd er vert að geta þess að skattlagning er, eða var alla vega fram til 1. janúar 2010, ansi frábrugðin því sem almennt gerðist í nágrannlöndum okkar og í öðrum löndum innan OECD. Það er í raun fjarri lagi að horfa einungis í skatthlutfallið þar sem að margvíslegar undanþágur og frádrættir koma við sögu, sem skekkja þann samanburð. Að sama skapi má benda á að verðbólga hefur töluverð áhrif á skattlagningu á Íslandi þar sem að hér á landi eru það raunvextirnir sem eru skattlagðir en ekki nafnvextir eins og gert er alls staðar annars staðar. Í hluta I. kafla vi. var fjallað um stöðu mála er varða skattlagningu fjármagnstekna í öðrum löndum fyrir upptöku samræmds fjármagnstekjuskatts á Íslandi, þróunina sem hafði átt sér stað og framtíðarhorfur. Þetta var gert án þess að fara út í tölulegan samanburð á milli landa, en nú verður bætt úr því og reynt að rýna betur í hlutina og gera samanburðinn marktækari. Til einföldunar er fyrst og fremst borin saman skattlagning á vaxta- og arðgreiðslur.

	<u>Skattlagningaraðferð</u>		<u>Staðgreiðsluhlutfall</u>		<u>Tekjuskattshlutfall<sup>2</sup></u>	
	<i>Vaxtatekjur</i>	<i>Arðgreiðslur</i>	<i>Vaxtatekjur</i>	<i>Arðgreiðslur</i>	<i>Lágmark<sup>3</sup></i>	<i>Hámark</i>
<i>Ísland</i> (30.6.2009)	ST-E	ST-E	10%	10%	37%	37%
<i>Ísland</i> (1.1.2010)	ST-E	ST-E	18%	18%	37%	46%
<i>Danmörk*+</i>	TSK	ST-U	0	28-40%	37%	64%
<i>Noregur*+</i>	TSK	TSK	0	0	28%	55%
<i>Svíþjóð*+</i>	-	-	30%	30%	31%	61%
<i>Finnland*+</i>	ST-S	ST-S	28%	28%	27%	69%
<i>Írland*+</i>	ST-S	ST-S	20%	20-40%	27%	48%
<i>Bretland*+</i>	ST-U	ST-U	10-40%	10-40%	25%	52%
<i>Þýskaland*+</i>	TSK	TSK	0	0	-	53%
<i>Frakkland*+</i>	ST-V	ST-U	18%	18%	12%	57%

Tafla II.1 <sup>23</sup>

**Skýringar:**

- TSK** Skattlagt eftir á samkvæmt sömu reglum og gilda um aðrar skattskyldar tekjur án staðgreiðslu
- ST-U** Skattur innheimtur í staðgreiðslu upp í endanlega álagningu
- ST-E** Skattur innheimtur í staðgreiðslu sem endanleg álagning
- ST-V** Hægt að velja hvort skattur, innheimtur í staðgreiðslu, sé endanleg álagning eða ekki
- ST-S** Sérgreindur tekjustofn

2) Tekjuskattur ríkis og sveitarfélaga

3) Hafa þarf í huga að mishá skattleysismörk stjórna því á hvaða tekjubili þetta hlutfall fer að hafa áhrif <sup>24</sup>

<sup>23</sup> <http://www.althingi.is/altext/136/s/0599.html>



*Ísland:* Sjá I.vii. og II.ii.

*Danmörk:* Fjármagnstekjur skattlagðar sem almennar tekjur nema tekjur af hlutabréfum, en þar er innheimtur 28% skattur á tekjur upp að 44.300 DKR en af tekjum sem eru umfram þá upphæð er skatthlutfallið 43%.

*Noregur:* Fjármagnstekjur skattlagðar sem almennar tekjur. En á hverju ári er gefin út ákveðin upphæð, sem fundin er á hverju ári, sem heimilt er að draga frá arðgreiðslum.

*Svíþjóð:* Skatthlutfallið er 30% og er um sérgreindan tekjustofn að ræða. Frádráttarbær er kostnaður sem tilfellur við öflun fjármagnstekna, sölutap og vaxtagjöld.

*Finnland:* Skatthlutfallið er 28%. 30% af arðgreiðslum má undanskilja frá skattstofni til fjármagnstekna. Arðgreiðslur að verðmæti 9% af hlutabréfaeign, þó að hámarki 90.000 evrur á ári, má undanskilja frá skatti.

*Írland:* Skatthlutfallið er 20% og er um sérgreindan tekjustofn að ræða. Hagnaður (upp að) allt að 1.279 evrum er frádráttarbær, sem og hagnaður til að mynda af hlutabréfum frá tilteknum opinberum aðilum.

*Bretland:* Skattlagning ræðst af tekjuskattstofni einstaklinga og einnig á því hvaðan þær eru upprunnar. Ýmsar ívilnanir og frádrættir eru heimilaðir. Skatthlutfallið er á bilinu 10-40%.

*Þýskaland:* Fjármagnstekjur skattlagðar sem almennar tekjur. Frádráttarbær er sá kostnaður sem einstaklingur leggur fram vegna öflunar á fjármagnstekjunum.<sup>25</sup>

*Frakkland:* Skatthlutfallið er 18%. Arðgreiðslur eru þó meðhöndlaðar á annan hátt, en 60% af arðgreiðslum mynda skattstofninn með frítekjumarki upp á 1.525 evrur, síðan er greiddur 18% skattur.<sup>26</sup>

---

<sup>24</sup> Útgefin rit Fjármálaráðuneytis, Álit og tillögur nefndar um samræmda skattlagningu fjármagnstekna. Bls.13. Febr. 1996

<sup>25</sup> <http://www.althingi.is/altext/136/s/0599.html>

<sup>26</sup> [http://www.ibfd.org/portal/pdf/eth\\_individual.pdf](http://www.ibfd.org/portal/pdf/eth_individual.pdf)

Eins og sjá má á þessu er mjög vafasamt að ætla að fullyrða eitthvað um mismuninn á milli þess skatthlutfalls sem greitt er af skattstofni fjármagnstekna í hinum ýmsu nágrannalöndum okkar Íslendinga. Svo notað séu hin fræga samlíking úr hagfræðinni þá er þetta eins og „að bera saman epli og appelsínur“. Í samanburði við önnur lönd má sjá að skatthlutfallið á Íslandi var frekar lágt, en skattstofninn breiður og regluverkið var sáraeinfalt og skilvirkt. En eftir breytingar á lögum nr. 94/1996 má sjá að munur á skatthlutfalli hefur minnkað stórlega og er hlutfallið á Íslandi hærra í sumum tilvikum. En eins og áður hefur komið fram þá er raunávöxtun fjármagnstekna á Íslandi skattlögð á meðan nafnávöxtun er notuð í öllum öðrum ríkjum. Sú staðreynd að raunávöxtun er skattlögð á Íslandi gerir allan samanburð ómarkvissan.

#### *iv. Tekjur ríkisins af fjármagnstekjuskatti*

Allar götur frá því að fjármagnstekjuskattur var lagður á þann 1. janúar 1997 hafa fjármagnstekjur verið þær tekjur einstaklinga sem vaxið hafa hvað mest og hefur sá vöxtur verið nokkuð stöðugur. Eins og sjá má á töflum II.2 og II.3 er enginn vafi á því að upptaka samræmnds fjármagnstekjuskatts hefur skilað mun meiri tekjum til ríkissjóðs heldur en gamla fyrirkomulagið sem var við lýði fram til loka árs 1996. Á árunum 1990-1996 voru fjármagnstekjur einstaklinga innan við 10 milljarðar á ári og á bilinu 2-4% af heildarskattskyldum tekjum einstaklinga. Á árunum 1997-2005 uxu fjármagnstekjur einstaklinga úr rétt tæpum 10 milljörðum í 120 milljarða og sem hlutfall af heildarskattskyldum tekjum úr rúmum 4% í um það bil 17%.<sup>27</sup>

Tafla II.2 sýnir þróun heildarinnheimtu fjármagnstekjuskatts á árunum 1997 til 2008, en þar má sjá að fjármagnstekjuskattur fór úr rúmum 2 milljörðum árið 1997 í tæpa 40 milljarða árið 2008, en þetta er margföldun á skatttekjum um nánast tvo tugi. Tafla II.3 sýnir svo þróun fjármagnstekjuskatts frá 1997 til 2008 sem hlutfall af heildarskatttekjum ríkissjóðs. Þar er það sama upp á teningunum, um gríðarlega aukningu er að ræða, en hlutfall fjármagnstekjuskatts var tæp 1,5% árið 1997 en árið 2008 var hlutfallið komið í 10%.<sup>28</sup>


Ástæður þess að árið 2009 er ekki tekið með í töflunum eru eftirfarandi fyrsta lagi þá var gerð breyting á lögum nr. 94/1996 sem tóku gildi þann 1. júlí 2009 (sjá II.ii). Í öðru lagi þá ber

<sup>27</sup> Vefrit fjármálaráðuneytisins, 3. ágúst 2006

<sup>28</sup> Hagstofa Íslands. [http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=412242](http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=412242)

hagtölum, um tekjur ríkissjóðs og tölum sem fengnar eru hjá Hagstofu Íslands og upplýsingum frá Fjármálaráðuneytinu, ekki saman. Ástæður þess komu fram í inngangi, en vert er að endurtaka þær hér aftur. Samkvæmt svari í tölvupósti frá Hagstofu Íslands þann 26. apríl 2010, kemur fram að fjármál hins opinbera sem Hagstofa Íslands sér um að birta eru byggð á rekstrargrunni en tölur fjármálaráðuneytis eru byggðar á greiðslugrunni. Munurinn þar á milli liggur í því að tölurnar, það er að segja rekstrargrunnur, sýnir einungis þann skatt sem að líklegt er að innheimtist en ekki þann sem lagður er á.<sup>29</sup>

Í þriðja lagi þá liggja fyrir tölur frá Fjármálaráðuneytinu fyrir árið 2009 en ekki frá Hagstofunni. Því ákvað höfundur að taka þær tölur sem fyrir liggja vegna ársins 2009 ekki með í töflugerðina, þar sem þær eru ekki byggðar á sama grunni.




Tafla II.2.<sup>30 31</sup> Innheimtur fjármagnstekjuskattur á hverju ári fyrir sig í milljónum króna.

<sup>29</sup> Hagstofa Íslands. (Tölvupóstur, 26. apríl 2010).

<sup>30</sup> Hagstofa Íslands.

<sup>31</sup> [http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=412242](http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=412242)



Tafla II.3<sup>32</sup> Hlutfall fjármagnstekjuskatts af heildarskatttekjum ríkisins á hverju ári fyrir sig.

Á þessum tölum, í töflum II.2 og II.3, má sjá að tilkoma fjármagnstekjuskatts árið 1997, sem eins og áður hefur komið fram fól í sér lækkun á hlutfalli skattlagningar á til dæmis söluhagnaði og arðgreiðslum, hefur losað úr læðingi fjármagn og þannig stóraukið viðskipti á fjármálamarkaði. Viðskipti með hlutabréf stórukust, þannig að árið 1995 nam heildarupphæð arðgreiðslna og söluhagnaðar hlutabréfa rétt rúmum 2 milljörðum króna (á verðlagi 2001), en árið 2001 var sú upphæð komin í 23 milljarða króna.<sup>33</sup> Árið 2003 var svo komið að söluhagnaður hlutabréfa var um 50% af fjármagnstekjum eða um 3,5 milljarðar króna og arðgreiðslur voru um 18% eða rétt tæpur 1,3 milljarður króna. Samtals stóðu því viðskipti með hlutabréf fyrir um tæplega 70% af öllum fjármagnstekjum. Vaxtatekjur landsmanna voru um 8 milljarðar króna og því námu tekjur ríkissjóðs af þeim um 800 milljónum króna.<sup>34</sup> 2005 var þessi hlutfallsskipting enn sú sama en upphæðirnar höfðu hækkað í samræmi við aukna innheimtu fjármagnstekjuskatts, en söluhagnaður hlutabréfa skilaði 7,2 milljörðum króna í ríkiskassann og arðgreiðslur tæpum 2,9 milljörðum króna. Árin 2007 og 2008 verða svo töluverðar breytingar á tekjum ríkissjóðs af fjármagnstekjum landsmanna. Árið 2007 voru vaxtatekjur 45 milljarðar en 2008 urðu þær 109 milljarðar króna, sem skýrist af því að á árinu 2008 var sett skylda á

<sup>32</sup> Hagstofa Íslands

<sup>33</sup> Vefrit fjármálaráðuneytisins, 1. ágúst 2002.

<sup>34</sup> Vefrit fjármálaráðuneytisins, 5. ágúst 2004.

fjármálastofnanir að veita skattayfirvöldum upplýsingar um allar bankainnistæður og vaxtagreiðslur einstaklinga. Söluhagnaður hlutabréfa nam á árinu 2007 151 milljarði króna en féll niður í 27 milljarða árið 2008. Arðgreiðslur voru 44 milljarðar 2007 en jukust á milli áranna og voru alls 52 milljarðar króna 2008, þrátt fyrir bankahrunið.<sup>35</sup> Í skýrslu rannsóknarnefndar alþingis koma fram heildararðgreiðslur í kerfinu á árunum 2003-2008, samkvæmt hlutafjármiðum sem bárust til ríkisskattstjóra. En þar má sjá að ekki nema hluti arðgreiðslna var greiddur innanlands eða réttara sagt skilaði sér í ríkissjóð. Árið 2003 var fjármagnstekjuskattur greiddur af 29 milljörðum króna en heildararðgreiðslur það ár voru 51 milljarður króna. Árið 2007 var hann greiddur af 45 milljörðum króna en heildargreiðslan var 152 milljarðar. Árið 2008 fékk ríkissjóður greiddan fjármagnstekjuskatt af 52 milljörðum en þá námu heildararðgreiðslur tæplega 100 milljörðum.<sup>36</sup> Á þessu má sjá að ríkissjóður varð af heilmiklum tekjum til eignarhaldsfélaga eða „gervimanns í útlöndum“.<sup>37</sup> Ef einungis er tekið tillit til áranna 2007 og 2008 nemur þessi upphæð alls 15,5 milljörðum króna í fjármagnstekjuskatt og munar nú um minna. Nánar er gerð grein fyrir arðgreiðslum á árunum 2003-2008 í næsta kafla.

#### v. Sérstök umfjöllun um arðgreiðslur á árunum 2003 til 2008

Sú spurning vaknar að sjálfsögðu hvort skattaskjólin út um allan heim hafi verið notuð í þeim tilgangi að komast hjá skattlagningu fjármagnstekna af arðgreiðslum og söluhagnaði eða til þess að fela raunverulegt eignarhald í fyrirtækjum; nema að um báðar ástæður hafi verið að ræða.<sup>38</sup> Alla vega er fyrrnefndur „gervimaður í útlöndum“, sem fjallað er um í rannsóknarskýrslu alþingis, orðinn mjög stórtækur arðgreiðsluþiggjandi meðal einstaklinga á árunum 2006 til 2008. Þar trónir hann á toppnum yfir þiggjendur með langhæstar arðgreiðslur, það sem vekur kannski mesta athygli er að „maðurinn“ komst ekki blað yfir 10 stærstu arðþiggjendur á árunum þar á undan. Nánari samantekt má sjá í töflu II.10. En þar má sjá að „gervimaður í útlöndum“ þiggur rétt rúm 41% þeirrar upphæðar sem að 10 stærstu arðgreiðsluþiggjendur úr röðum einstaklinga fengu greidda í arð á þessum árum.

<sup>35</sup> Vefrit fjármálaráðuneytisins. 3. september 2009

<sup>36</sup> Skýrsla rannsóknarnefndar alþingis. Bindi 9. Viðauki 2, bls. 63-65.

<sup>37</sup> Skýrsla rannsóknarnefndar alþingis. Bindi 9. Viðauki 2, bls. 65-66.

<sup>38</sup> Munnleg heimild, Stefán Skjaldarson skattarannsóknarstjóri ríkisins. (samtal 25. apríl 2010).

Tölur í milljónum króna	2006	2007	2008
Gervimaður í útlöndum	1.234	2.009	2.239
Ónafngreindir Íslendingar	467	1.386	497
Ónafngreindir Íslendingar	259	341	398
Ónafngreindir Íslendingar	236	250	304
Ónafngreindir Íslendingar	228	220	300
Ónafngreindir Íslendingar	225	218	222
Ónafngreindir Íslendingar	216	212	210
Ónafngreindir Íslendingar	180	200	207
Ónafngreindir Íslendingar	180	199	176
Ónafngreindir Íslendingar	173	195	176
Samtals 10 stærstu einstaklingarnir	3.398	5.230	4.729
Hlutfall af 10 stærstu einstaklingunum	36,32%	38,41%	47,35%
Samtals arðgreiðslur til gervimanns	5.482		
Meðaltalshlutfall á tímabili	41,04%		

**Tafla II.10**<sup>39</sup> Ónafngreindir Íslendingar í töflunni eru nafngreindir í skýrslu rannsóknarnefndar alþingis fyrir hvert ár fyrir sig, en höfundi þótti ástæðulaust að nafngreina þá hér, þar sem taflan á fyrst og fremst að sýna innkomu „gervimanns í útlöndum“ sem arðgreiðsluþiggjanda á þessum árum.

„Gervimaður í útlöndum“ er samheiti yfir óþekkta eigendur sem eru skráðir erlendis. Ýmsar ástæður geta verið á bakvið skýringuna á því hvers vegna þessi breyting verður þarna á, ætla má að sú stærsta sé sú að árið 2006 voru skil á hlutabréfamíðum gerð að fullu rafræn. Þessi breyting gerði það að verkum að ekki var hægt að skila inn kennitölum sem ekki voru á hlutafjármiðum. Í kjölfar þessara breytinga má ætla að þó nokkrir hafi fært eignarhlut sinn í fyrirtækjum erlendis, eins og upphæðirnar tengdar „gervimanni í útlöndum“ benda til.<sup>40</sup>

## vi. Samanburður á launaskatti og fjármagnstekjuskatti

Mikið hefur verið skrifað og fjallað um samanburð skattálagningar fjármagnstekna annars vegar og launatekna hins vegar. Því er oft haldið fram að þeir sem hafi launatekjur borgi um 40% af þeim í skatt en þeir sem hafi fjármagnstekjur njóti þess að skattálagning fjármagnstekna sé einungis 10%. En er þetta raunhæfur samanburður eða er verið að bera eitthvað saman sem ekki er gert í réttu samhengi. Í hluta II.v. verður farið í samanburð á þessum tveim skattstofnun og hvernig skattálagning leggst á einstaklinga. Samanburðurinn er byggður á lögum nr. 94/1996

<sup>39</sup> Skýrsla rannsóknarnefndar alþingis. Bindi 9. Viðauki 2, bls. 63-67.

<sup>40</sup> Skýrsla rannsóknarnefndar alþingis. Bindi 9. Viðauki 2, bls. 63-67.

fram að breytingum sem tóku gildi þann 1. júlí 2009 og síðari breytingum 1. janúar 2010. Eftir það verður flækjan í samanburðinum mun meiri, en áhrifum breytinga eru gerð nánari skil í II.viii. og í þeim hluta er ætlunin að skýra frá breytingum sem meðal annars snúa að einkahlutafélögum. Engu að síður er samanburður gerður á skattálagningu fjármagnstekjuskatts og tekjuskatts bæði fyrir og eftir breytingar á lögum nr. 94/1996 og TSL.

Ef skoðar eru almennar launatekjur þá er skekkja, eða röng fullyrðing, að segja að þær sæti tæplega 40% skattálagningu, eins og sjá má á töflu II.4 hér að neðan. Þar kemur fram að einstaklingur með 150.000 krónur á mánuði greiddi 7,58% af sínum launum í skatt, einstaklingur með 400.000 krónur á mánuði greiddi 25,16% af sínum launum í skatt og sá sem hafði 1.000.000 krónur á mánuði fór í 31,49% skatthlutfall. Strax þarna má sjá að allt tal um ósanngjarni í skatthlutfalli á milli fjármagnstekna með 10% skattálagningu og launatekna með tæplega 40% skattálagningu á varla rétt á sér.

Laun	Lífeyrissj.	Skattstofn	Staðgreiðsla	Persónuafsl.	Skattur	Skatthlutfall
	<b>4%</b>		<b>37,20%</b>			
118.182 kr.	4.727 kr.	113.455 kr.	42.205 kr.	42.205 kr.	0 kr.	<b>0,00%</b>
150.000 kr.	6.000 kr.	144.000 kr.	53.568 kr.	42.205 kr.	11.363 kr.	<b>7,58%</b>
200.000 kr.	8.000 kr.	192.000 kr.	71.424 kr.	42.205 kr.	29.219 kr.	<b>14,61%</b>
400.000 kr.	16.000 kr.	384.000 kr.	142.848 kr.	42.205 kr.	100.643 kr.	<b>25,16%</b>
650.000 kr.	26.000 kr.	624.000 kr.	232.128 kr.	42.205 kr.	189.923 kr.	<b>29,22%</b>
750.000 kr.	30.000 kr.	720.000 kr.	267.840 kr.	42.205 kr.	225.635 kr.	<b>30,08%</b>
1.000.000 kr.	40.000 kr.	960.000 kr.	357.120 kr.	42.205 kr.	314.915 kr.	<b>31,49%</b>

**Tafla II.4<sup>41</sup>** Útreikningar einfaldaðir að hluta þar sem ekki er gert ráð fyrir greiðslum í stéttarfélög o.fl. Skatthlutfall eins og það var fram til ársloka 2009 og ekki er gert ráð fyrir hátekjuskatti í útreikningum.

Frá 1. janúar 2010						
Laun	Lífeyrissj.	Skattstofn	Staðgreiðsla	Persónuafsl.	Skattur	Skatthlutfall
	<b>4%</b>					
<b>123.781 kr.</b>	4.951 kr.	118.830 kr.	44.205 kr.	44.205 kr.		<b>0,00%</b>
<b>150.000 kr.</b>	6.000 kr.	144.000 kr.	53.568 kr.	44.205 kr.	9.363 kr.	<b>6,24%</b>
<b>200.000 kr.</b>	8.000 kr.	192.000 kr.	71.424 kr.	44.205 kr.	27.219 kr.	<b>13,61%</b>
<b>400.000 kr.</b>						<b>26,12%</b>
200.000 kr.	16.000 kr.	184.000 kr.	68.448 kr.	44.205 kr.	24.243 kr.	12,12%
200.000 kr.		200.000 kr.	80.240 kr.		80.240 kr.	40,12%
<b>750.000 kr.</b>						<b>32,76%</b>
200.000 kr.	30.000 kr.	170.000 kr.	63.274 kr.	44.205 kr.	19.069 kr.	9,53%
450.000 kr.		450.000 kr.	180.540 kr.		180.540 kr.	40,12%
100.000 kr.		100.000 kr.	46.120 kr.		46.120 kr.	46,12%
<b>1.000.000 kr.</b>						<b>35,73%</b>
200.000 kr.	40.000 kr.	160.000 kr.	59.552 kr.	44.205 kr.	15.347 kr.	7,67%
450.000 kr.		450.000 kr.	180.540 kr.		180.540 kr.	40,12%
350.000 kr.		350.000 kr.	161.420 kr.		161.420 kr.	46,12%

**Tafla II.5<sup>42</sup>** Útreikningar einfaldaðir að hluta þar sem ekki er gert ráð fyrir greiðslum í stéttarfélög o.fl. Bláu tölurnar í fyrsta dálki segja til um heildarlaun á mánuði og bláu tölurnar í síðasta dálknum heildarskatthlutfallið fyrir hver mánaðarlaun fyrir sig.

<sup>41</sup> <http://rsk.is/einstaki/skattar/tekjuskattur>



Ef skattálagning er skoðuð út frá fjármagnstekjum má sjá að sjaldnast er það svo einfalt að um 10% skattálagningu sé að ræða. Umræðan um einkahlutafélög hefur verið áberandi og þá er gjarnan talað um að þau séu sett á laggirnar sem fyrirsláttur til þess að fela laun og til að komast hjá tekjuskatti og greiða þannig af launum sínum fjármagnstekjuskatt frekar en tekjuskatt. Einstaklingur sem stofnar einkahlutfélag utan um rekstur sem hann er í þarf að reikna sér endurgjald af tekjunum samkvæmt tilmælum ríkisskattsstjóra.<sup>43</sup> Ef að reksturinn skilar svo hagnaði þá þarf að greiða 18% tekjuskatt lögaðila, samkvæmt 3. másl. 1. mgr. 58. gr. TSL. Að lokum er svo hægt að greiða út arð, sem er skattskyldur samkvæmt lögum nr. 94/1996, með 10% skattálagningu. Tökum dæmi um þá sem eru hvað mest umdeildir um þessar mundir, það er að segja þá sem stofnuðu einkahlutafélag utan um rekstur á fjármálastarfsemi og berum þann einstakling saman við einstakling sem starfar í sama geira en fær allar sínar tekjur sem launamaður og tekur þar með enga áhættu við sína tekjuöflun.

### Starfsmaður fjármálafyrirtækis

Laun	Lífeyrissj.	Skattstofn	Staðgreiðsla	Persónuafsl.	Skattur	Skatthlutfall
1.000.000 kr.	40.000 kr.	960.000 kr.	357.120 kr.	42.205 kr.	314.915 kr.	<b>31,49%</b>

### Eigandi fjármálafyrirtækis (ehf)

Laun	Lífeyrissj.	Skattstofn	Staðgreiðsla	Persónuafsl.	Skattur	Skatthlutfall
517.000 kr.	20.680 kr.	496.320 kr.	184.631 kr.	42.205 kr.	142.426 kr.	27,55%

Hagnaður fyrir skatta	Tekjuskattur 18%	Hagnaður eftir skatta
483.000 kr.	86.940 kr.	396.060 kr.

Arðgreiðsla	10% Fjármagnstekjuskattur
396.060 kr.	39.606 kr.

Heildarskattgreiðsla	Heildarskatthlutfall
268.972 kr.	<b>26,90%</b>

### Mismunur á milli tekjuskatts starfsmanns fjármálafyrirtækis og eiganda fjármálafyrirtækis ehf

<b>4,59%</b>						
--------------	--	--	--	--	--	--

**Tafla II.6<sup>44</sup>** Miðað er við lágmarks endurgjald samkvæmt flokki A(5). Ekki eru reiknuð launatengd gjöld á endurgjald úr ehf. Allur hagnaður ehf er greiddur út.

42 <http://rsk.is/einstakl/skattar/fjarmagns>

43 [http://rsk.is/skjal/rsk\\_0602\\_2010.is.pdf](http://rsk.is/skjal/rsk_0602_2010.is.pdf)

44 [http://rsk.is/skjal/rsk\\_0602\\_2010.is.pdf](http://rsk.is/skjal/rsk_0602_2010.is.pdf)

Eins og sjá má á þessu dæmi, að gefnum forsendunum, þá er mismunurinn á milli einstaklings sem stofnað hefur einkahlutafélag um sinn rekstur og greiðir sér laun þar í gegn og almenns launþega með sömu laun í sömu starfstétt ekki tæp 30% heldur 4,59%.

Tafla II.7 sýnir hvernig samburðurinn lítur út eftir breytingar á TSL og lögum nr. 94/1996 með gildistöku þann 1. janúar 2010.

## Frá áramótum 2010


Starfsmaður fjármálafyrirtækis						
Laun	Lífeyrissj.	Skattstofn	Staðgreiðsla	Persónuafsl.	Skattur	Skatthlutfall
200.000 kr.	40.000 kr.	160.000 kr.	59.552 kr.	44.205 kr.	15.347 kr.	7,67%
450.000 kr.		450.000 kr.	180.540 kr.		180.540 kr.	40,12%
350.000 kr.		350.000 kr.	161.420 kr.		161.420 kr.	46,12%
<b>1.000.000 kr.</b>	<b>40.000 kr.</b>	960.000 kr.	401.512 kr.	44.205 kr.	357.307 kr.	<b>35,73%</b>
Eigandi fjármálafyrirtækis (ehf)						
Laun	Lífeyrissj.	Skattstofn	Staðgreiðsla	Persónuafsl.	Skattur	Skatthlutfall
200.000 kr.	20.680 kr.	179.320 kr.	66.707 kr.	44.205 kr.	22.502 kr.	11,25%
317.000 kr.		317.000 kr.	117.924 kr.		117.924 kr.	37,20%
517.000 kr.	20.680 kr.	496.320 kr.	184.631 kr.	44.205 kr.	140.426 kr.	<b>27,16%</b>
Hagnaður fyrir skatta		Tekjuskattur 18%		Hagnaður eftir skatta		
483.000 kr.		86.940 kr.		396.060 kr.		
Arðgreiðsla		18% Fjármagnstekjuskattur		Tekjuskattur 40,12%		Tekjuskattur 46,12%
100.000 kr.		18.000 kr.				
148.030 kr.		26.645 kr.				
148.030 kr.				53.360 kr.		6.932 kr.
<b>396.060 kr.</b>		<b>4.645 kr.</b>		<b>53.360 kr.</b>		<b>6.932 kr.</b>
Heildar skattgreiðsla		Skatthlutfall				
332.303 kr.		33,23%				
Mismunur á milli tekjuskatts starfsmanns og tekjuskatts eiganda ehf						
<b>2,50%</b>						

**Tafla II.7**<sup>45</sup> Forsendur eru að eigið fé ehf sé 500.000 krónur. Miðað er við lágmarks endurgjald samkvæmt flokki A(5) sbr. 7. gr.TSL. Ekki eru reiknuð launatengd gjöld á endurgjald úr ehf. Allur hagnaður ehf er greiddur út. Útreikningar samkv. 1. mgr. 11. gr. TSL.

<sup>45</sup> <http://rsk.is/einstakl/skattar/fjarmagns>

Eftir breytingar á TSL og lögum nr. 94/1996 má sjá að munurinn hefur minnkað enn frekar eða eins og í þessu dæmi niður í 2,5% á milli einstaklings sem stofnað hefur einkahlutafélag um sinn rekstur og fær sínar tekjur þar í gegn og almenns launþega með sömu laun í sömu starfstétt.

Yfir í annan samanburð. Eins og áður hefur komið fram þá er fjármagnstekjuskattur reiknaður út frá nafnávöxtun en ekki raunávöxtun, það er að segja að ekki er tekið tillit til verðbólguáhrifa. Ef við skoðum dæmi um þetta og miðum við meðaltalsverðbólgu á ársgrundvelli upp á 8%, sem gerir það að verkum að öll ávöxtun á fjármagninu byrjar í raun og veru ekki fyrr en þessum 8% hefur verið náð. Þannig að ef keypt voru hlutabréf í janúar 2006 og seld aftur í desember 2006 með 8% hagnaði, þá er ekki um neinn hagnað að ræða. Engu að síður þarf að greiða 0,8% af söluhagnaði bréfanna í fjármagnstekjuskatt, þannig að rýrnun hefur orðið á höfuðstóli kaupanda. Skoðum þetta nánar á töflu II.8, en þar má sjá meðaltalsverðbólgu á árunum 1997 til 2009.



Tafla II.8<sup>46</sup> Meðaltalsverðbólga hvers árs fyrir sig.

<sup>46</sup> Hagstofa Íslands

Tafla II.9 sýnir meðaltalsverðbólgu, vaxtastig viðskiptareikninga lánastofnana í Seðlabankanum, nafnávöxtun, raunávöxtun og raunskattlagningar með tilliti til verðbólgu fyrir árin 1997 til 2009.

	Meðaltals verðbólga á ársgrundvelli	Viðskiptareikningar lánastofnana í Seðlabanka	Nafnávöxtun á verðtryggðan sparireikning	Raunávöxtun á verðtryggðan sparireikning	Raunskattlagning vaxtatekna af sparireikningi
´97	1,81%	2,70%	3,30%	1,49%	22,12%
´98	1,66%	3,00%	3,55%	1,89%	18,77%
´99	3,44%	3,00%	4,15%	0,71%	58,68%
´00	5,01%	4,50%	6,17%	1,16%	53,19%
´01	6,68%	6,90%	9,13%	2,45%	37,30%
´02	4,80%	6,70%	8,30%	3,50%	23,73%
´03	2,11%	3,30%	4,00%	1,89%	21,16%
´04	3,21%	2,80%	3,87%	0,66%	58,74%
´05	4,05%	6,25%	7,60%	3,55%	21,41%
´06	6,76%	9,00%	11,25%	4,49%	25,04%
´07	5,03%	12,75%	14,43%	9,40%	15,35%
´08	12,42%	13,25%	17,39%	4,97%	34,99%
´09	11,99%	15,00%	19,00%	7,01%	27,11%

**Tafla II.9** <sup>47</sup> <sup>48</sup> Meðaltalsverðbólga á ársgrundvelli er af vef Hagstofu Íslands. Dálkur 2, upplýsingar af vef Seðlabanka Íslands. Dálkar 3-5 útreikningar höfundar, að gefnum forsendum og útreikningum samkvæmt þeim.

Ef sett er upp dæmi út frá töflu II.9 má sjá að raunskattur á fjármagnstekjur er í raun og veru ekki 10%, heldur er hann að lágmarki 10%. Í flestum tilvikum er hann mun meiri og ræður verðbólguþingið þar mestu um hver raunskatturinn verður hverju sinni.

Til að skilja betur hvað raunskattur er, þá er best að taka dæmi. Einstaklingur á höfuðstól að upphæð 1.000.000 króna sem hann ávaxtar með ýmsum hætti. Mismunandi fjárfestingar eru teknar fyrir og settar upp í þremur dæmum hér að neðan, eitt fyrir vaxtatekjur, annað fyrir tekjur af hlutabréfaviðskiptum og það síðasta vegna gjaldeyrisviðskipta.

<sup>47</sup> <http://www.sedlabanki.is/?PageID=8>

<sup>48</sup> Hagstofa Íslands.

### *Dæmi II.1:*

Raunvextir samkvæmt töflu fyrir árið 2004 eru 0,66% en nafnvextir sem fjármagnstekjuskattur er greiddur af eru 3,87%. Þetta þýðir að einstaklingurinn fær alls 38.700 krónur í vexti og greiðir af þeim 3.870 krónur í fjármagnstekjur. En í raun var einstaklingurinn skattlagður um 3.870 krónur af 6.590 krónum sem var raunávöxtun ársins og jafngildir það 58,74% raunskattlagningu. Svona væri hægt að fjalla um hvert ár fyrir sig.

### *Dæmi II. 2:*

Einstaklingur kaupir hlutabréf í ársbyrjun 2000 fyrir 1.000.000 króna. Hann fær í desember greiddan arð að upphæð 75.000 krónur og í lok árs selur hann hlutabréfin fyrir 1.100.000 krónur. Nafnvextir í þessu tilviki eru 17,50% og greiðist því fjármagnstekjuskattur af 175.000 krónum eða 17.500 krónur. En í raun greiddi einstaklingurinn 17.500 af 124.700 krónum sem var raunávöxtun ársins, sem jafngildir 14,01% raunskattlagningu.

### *Dæmi II.3:*

Einstaklingur kaupir evrur í upphafi árs 2006 fyrir 1.000.000 króna. Hann selur þær svo í desember sama ár fyrir 1.085.000 krónur. Nafnávöxtun hans er því 8,5% sem hann svo greiðir 8.500 krónur í fjármagnstekjuskatt af. En í raun greiddi einstaklingurinn 8.500 krónur af 17.400 krónum sem var raunávöxtun ársins, sem jafngildir 48,84% raunskattlagningu.

Af þessum dæmum og útreikningum má sjá að fara verður varlega í að bera saman skattálagningu á fjármagnstekjur og almennar launatekjur. Nauðsynlegt er að hafa ýmsa fyrirvara á samanburðinum, til að mynda skekkir verðbólga samanburðinn umtalsvert. Í umfjöllunin um fjármagnstekjuskatt má því sjá að um ákveðinn misskilning er að ræða eða hreinlega skort á nákvæmni þegar verið er að vísa til 10% nafnskattshlutfallsins og bera það hlutfall saman við tæplega 40% launaskatt. Því eins og sjá má, við vissar aðstæður svo sem hátt verðbólguþig, er fjármagnstekjuskattur í raun hærri en launaskattur hjá einstaklingum.

## *vii. Hverning tókst samræming skatts á fjármagnstekjur?*

Í kafla I.ii. er fjallað um helstu markmiðin með samræmingu skattlagningar á fjármagnstekjur. Nú er vert að staldra við og sjá hvernig til tókst út frá þeim markmiðum sem lagt var upp með. Að sama skapi er rétt að skoða hvernig spár um áhrif og afleiðingar með tilkomu fjármagnstekjuskatts hafa ræst, en um þær var fjallað í kafla I.v.

Helstu markmiðin voru þrjú:

1. Að afla tekna fyrir ríkissjóð. Eins og töflur II.2 og II.3 sýna þá hefur þessum markmiðum verið náð með tilkomu fjármagnstekjuskatts. Skatttekjur ríkissjóðs af fjármagnstekjum einstaklinga hafa aukist mikið eftir tilkomu fjármagnstekjuskatts, sem og hlutfall hans af heildarskattstofni ríkissjóðs.
2. Að jafna tekjuskiptingu í þjóðfélaginu. Hvort tilkoma fjármagnstekjuskatts hafi jafnað tekjuskiptingu hér á landi er erfitt að meta. Hins vegar er það augljóst, eins og kemur fram í töflum II.2 og II.3, að fjármagnstekjuskattur hefur aukist gríðarlega frá því að hann var samræmdur. Þannig hefur tilkoma hans stuðlað að því að fjármagnstekjur eru orðnar stærri hluti af heildartekjum ríkissjóðs og þannig standa fjármagnstekjur undir stærri hluta samneyslunnar en áður. Nefndin fjallaði fyrst og fremst um að skattlagning vaxtatekna myndi fyrst og fremst beinast að þeim tekjuhærri þar sem þeir einstaklingar eiga í flestum tilvikum meira af eignum og lausafé og því ætti skattlagning vaxtatekna fyrst og fremst að beinast að þeim.
3. Að örva fjárfestingar einstaklinga í fyrirtækjum. Fyrir tilkomu samræmds fjármagnstekjuskatts voru vextir undanþegnir skatti og því varð oft mun hagkvæmara og að sjálfsgöðu áhættuminna að fjárfesta í skattfrjálsum verðbréfum eða „geyma“ peninga inn á reikningum. Fjármagnstekjuskattur, þar sem skattlagning á arðgreiðslur og söluhagnað hlutabréfa lækkaði, leysti úr læðingi þetta fjármagn sem leitaði að miklu leyti yfir í hlutabréfaviðskipti og stuðlaði þannig að auknum fjárfestingum og þátttöku einstaklinga í atvinnulífinu.

Áhrifin og afleiðingarnar voru skoðuð út frá þremur þáttum:

1. *Skattstofni fjármagnstekna.*

Skattstofninn fjármagnstekna var árið 1994 um 15-16 milljarðar króna og áætlaði nefndin út frá því að tekjur ríkissjóðs af innheimtu vegna fjármagnstekjuskatts yrði um 1 milljarður árið 1997. Áhrifin mat nefndin þannig að samræming skattlagningar á fjármagnstekjur myndi auka sparnað og fjárfestingu til lengri tíma með þeim afleiðingum að skattstofninn myndi með tíð og tíma hækka og tekjur ríkissjóðs þannig aukast. Töflur 2 og 3 sýna að nefndin mat afleiðingarnar á skattstofninn rétt, það er að segja að skattstofninn myndi stækka, en vanáætluði áhrifin því þau voru mun meiri heldur en

nefndin spáði fyrir um. Strax á fyrsta ári voru tekjur ríkissjóðs 100% meiri heldur en nefndin gerði ráð fyrir eða 2 milljarðar króna. Skattstofninn fór á 14 árum úr 15-16 milljörðum króna árið 1994<sup>49</sup>, í tæpa 400 milljarða króna árið 2008.<sup>50</sup>

## 2. *Einstaklingar skoðaðir.*

Áætlað var að einstaklingar myndu í auknum mæli færa sig úr skattfrjálsum ríkisskuldabréfum yfir í hlutabréf. Tölurnar tala sínu máli þar og hafa staðfest það. Söluhagnaður hlutabréfa og arðgreiðslur námu alls 1,2 milljarði króna árið 1994, en þær voru 195 milljarðar árið 2007.<sup>51</sup>

## 3. *Vextir og sparnaðurskoðaðir.*

Hugsanleg áhrif og afleiðingar á vexti og sparnað voru nokkuð óljósar sér í lagi vegna þeirrar þróunar sem var að eiga sér stað í fjármálaheiminum á þeim tíma, sérstaklega með tilliti til frjáls flæðis fjármagns. En grundvallarhugmyndir hagfræðinnar gerðu ráð fyrir að vextir myndu hækka og draga myndi úr sparnaði. Sparnaður landsmanna hefur á undanförunum árum verið mjög lítill eða jafnvel neikvæður, þrátt fyrir að viðbótarlífeyrissparnaður hafi bæst í hópflokk sparnaðarleiða einstaklinga frá því að lög nr. 94/1996 voru sett.<sup>52</sup> Vextir hafa haldist háir nánast allan tímann síðan samræmdur fjármagnstekjuskattur var lagður á. Í þessu tilviki er best að horfa í stýrivexti Seðlabanka Íslands. Í janúar 1997 voru þeir 6,9%, hækkuðu stöðugt fram til janúar 2001 er þeir voru komnir í 11,4%. Þá tóku þeir tóku að lækka og lægst fóru þeir í janúar 2004 er þeir voru 5,3%. Þar eftir tók við samfelld vaxtahækkunarskeið sem stóð allt árið 2009 og náði hámarki í 18%. Í dag núna eru þeir 9%. Meðalvextir frá tilkomu fjármagnstekjuskatts, ef miðað er við stöðuna í janúar ár hvert, eru 9,82%. Á árunum 1994-1996 voru meðalstýrivextir miðað við sömu forsendur 6%.<sup>53</sup> Þarna munar 3,82 prósentustigum á milli þessara tímabila. Vert er að taka það fram að þegar talað er um stýrivexti frá því í janúar 1994 fram ítil júní 2007 er miðað við ávöxtun endurhverfra verðbréfakaupa hjá

49 Útgefin rit Fjármálaráðuneytis, Álit og tillögur nefndar um samræmda skattlagningu fjármagnstekna. Bls. 3-45. Febr. 1996

50 Hagstofa Íslands.

51 Vefrit fjármálaráðuneytisins. 3.september 2009.

52 <http://sedlabanki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=5901>

53 <http://www.sedlabanki.is/?PageID=8>

Seðlabankanum en frá því í júlí 2007 er notast við veðlánsvexti lána gegn veði í verðbréfum til 7 daga. Ástæða þess að lengri samanburður er ekki gerður til fleiri ára fyrir gildistöku laga nr. 94/1996 er sú að svo virðist, samkvæmt heimildum, að notast hafi verið við vexti á 90 daga innstæðubréfum í Seðlabankanum, en ekki stýrivexti eins og gert var eftir það.<sup>54</sup> Af þessu má sjá að grundvallarhugmyndir hagfræðinnar varðandi áhrif með hliðsjón af tilkomu fjármagnstekjuskatts virðast ganga eftir, þar sem meðalvextir þriggja ára fyrir gildistöku laga nr. 94/1996 voru 3,82 prósentustigum lægri heldur en eftir gildistöku þeirra. Þó verður að taka það skýrt fram að fjölmargir aðrir þættir hafa, og höfðu, áhrif á vaxtastig í landinu heldur en fjármagnstekjuskatturinn einn og sér.

### viii. Álitamál um fjármagnstekjuskatt

Eins og gengur og gerist hafa fjölmörg álitamál skotið upp kollinum með tilkomu fjármagnstekjuskatts og innheimtu á honum. Í lokahluta ritgerðarinnar er ætlunin að reyna að skoða nánar afleiðuviðskipti og hvernig staðgreiðslu á þeim viðskiptum er, eða var, háttað. Skattarannsóknarstjóri er nú með vegamikla rannsókn í gangi vegna vangoldinnar staðgreiðslu sem tilkomin er vegna afleiðusamninga, þar sem grunur leikur á að ekki hafi verið rétt staðið að þeim málum innan bankanna hér á landi. Talið er að þúsundir einstaklinga og fyrirtækja hafi átt í afleiðuviðskiptum við gömlu bankana þar sem fjármagnstekjuskattur af hagnaðinum skilaði sér ekki til ríkissjóðs, eins og lög gera ráð fyrir.<sup>55</sup> Einnig hafa komið upp mál vegna valréttarsamninga, sem jafnan eru kallaðir kaup- og söluréttarsamningar, sem stjórnendur og starfsmenn fjármálafyrirtækja og annarra fyrirtækja gerðu við vinnuveitendur sína. Ekki er þó meiningin að fara í ítarlega umfjöllun um afleiðuviðskipti sem slík, heldur fyrst og fremst að skoða þau út frá lögum og reglum sem gilda um fjármagnstekjuskatt. En fyrst er rétt að greina frá því í örstuttu máli hvað afleiðuviðskipti eru og þá sérstaklega valréttarsamningar.

*Afleiðusamningar* eru viðskiptagjörningur þar sem virði samningsins er metið í samræmi við verð undirliggjandi eignar þess samnings sem um ræðir í hvert sinn.<sup>56</sup> Oftast nær þegar

<sup>54</sup> <http://sedlabanki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=5901>

<sup>55</sup> [http://www.mbl.is/mm/frettir/innlent/2010/03/18/bankarnir\\_veittu\\_ekki\\_upplysingar\\_og\\_skiludu\\_ekki\\_a/](http://www.mbl.is/mm/frettir/innlent/2010/03/18/bankarnir_veittu_ekki_upplysingar_og_skiludu_ekki_a/)

<sup>56</sup> Hull, John C. 1993. Bls. 1.



afleiðusamningar eru gerðir þá er annar samningsaðilinn banki eða fjármálastofnun, allavega hefur fjármálastofnunin ávallt milligöngu um gerð samningsins milli samningsaðila.

*Valréttarsamningar* (e. Option) virka þannig að tveir aðilar koma sér upp samkomulagi um að kaupa eða selja undirliggjandi eign á ákveðnum tímapunkti. Sá sem hefur sölurétt (e. Put) hefur þá leiðandi rétt til þess að selja eignina á samningsverðinu burtséð frá markaðsverði á áður skilgreindum tíma. Aftur á móti getur aðili svo haft kauprétt (e. Call) og þá hefur hann rétt til þess að kaupa eignina á samningsverði burtséð frá markaðsverði á áður skilgreindum tíma.<sup>57</sup>

Í valréttarsamningum getur bara verið um sölurétt eða kauprétt að ræða og eru aðilar samningsins skuldbundnir til að selja eða kaupa ef annar hvor ákveður að nýta sér rétt sinn. Í stuttu máli þá eru þetta annað hvort kaup- eða söluréttarsamningar (e. Put or Call) og sá sem á réttinn er ávallt í gnóttstöðu.

*Kaupréttarsamningar* eru skattlagðir samkvæmt 9. og 10. gr. TSL. Nánar tiltekið fjalla þessar greinar laganna um kaup á hlutabréfum samkvæmt kauprétti. Eins og fram kemur í skilgreiningunum á valréttarsamningum þá eru þeir annað hvort kaupréttarsamningar eða söluréttarsamningar en 9. og 10. gr. TSL fjallar einungis um kauprétt og tekur ekki fyrir hvernig eigi að haga málum þegar um sölurétt er að ræða. Til þess að fá betri skilning á þessu er vert að taka einföld dæmi til að útskýra þessa gjörninga betur.

*Söluréttarsamningar* eru ekki taldir til í TSL. Því er ekki hægt að segja að til séu lög eða reglugerðir sem segja til um hvernig eigi að haga skattalegu uppgjöri vegna söluréttar.

#### *Dæmi II.4*

##### *Kaupréttur:*

1.1. 2009 gerir JJ sem er forstjóri í X kaupréttarsamning á 1.000.000 hlutabréfum í X til tveggja ára, nánar tiltekið 1.1. 2011. Gengi á bréfum í X 1.1. 2009 er 10. Við lok samningsins er gengið á X komið í 12. JJ kaupir því bréfin á genginu 10 og selur á 12 og hagnast því um 20% eða 2.000.000. ( $1.000.000 \cdot 10 = 10.000.000$ ,  $1.000.000 \cdot 12 = 12.000.000$ , hagnaður  $12.000.000 - 10.000.000 = 2.000.000$ ).

*Skattaleg niðurstaða:* JJ hagnast um 2.000.000 og samkvæmt 9. og 10. gr. TSL ber honum að greiða tekjuskatt af þeirri upphæð.

Sama dæmi, nema gengi í bréfum X 1.1. 2011 er 8, sem þýðir að virði bréfana er 800.000. JJ nýtir ekki kaupréttinn þar sem tap yrði á þeim viðskiptum. Kauprétturinn er verðlaus.

*Skattaleg niðurstaða:* Ekkert er greitt í skatt þar sem enginn hagnaður varð vegna kaupréttarsamningsins.

<sup>57</sup> Hull, John C. 1993.bl.6

## Dæmi II.5

### Söluréttur:

1.1.2009 gerir JJ sem er forstjóri í X söluréttarsamning á 1.000.000 hlutabréfum í X til tveggja ára, nánar tiltekið 1.1. 2011. Gengi á bréfum í X 1.1. 2009 er 10. JJ kaupir því 1.000.000 hlutabréf í X fyrir 10.000.000. Við lok samningsins er gengið á X komið í 12. JJ selur þá bréfin á genginu 12 og hagnast því um 20% eða 200.000 ( $1.000.000 * 10 = 10.000.000$ ,  $1.000.000 * 12 = 12.000.000$ ,  $hagnaður 12.000.000 - 10.000.000 = 2.000.000$ ).

*Skattaleg niðurstaða:* Engin lög eða reglugerðir eru varðandi skattlagningu söluréttar.

Sama dæmi, nema að gengi í bréfum X 1.1. 2011 er 8, sem þýðir að virði bréfana er 8.000.000. JJ nýtir síðan söluréttinn og selur á genginu 10 eins og samningurinn segir til um. Hagnaður JJ er 2.000.000 (söluvirði-markaðsvirði bréfa,  $10.000.000 - 8.000.000 = 2.000.000$ ), hagnaðurinn er til kominn vegna söluréttarsamningsins frá 1.1. 2009.

*Skattaleg niðurstaða:* Engin lög eða reglugerðir eru varðandi skattlagningu söluréttar.

Af ofangreindu er ljóst að engin skýr ákvæði eru í skattalögum um hvernig skattleggja beri sölurétt. Ljóst er að skattayfirvöld og löggjafarvaldið hafa ekki fylgt þeirri þróun sem átt hefur sér stað á verðbréfamarkaði, m.a. með setningu skýrra laga um skattlagningu söluréttar en útgáfa söluréttar til starfsmanna fyrirtækja hófst fyrst að einhverju marki á árunum 2002 og 2003.<sup>58</sup>

Þar sem engin lög eru til um sölurétt þá er leiðin sú að skattleggja söluhagnað sem fjármagnstekjur ef slíkt á við. Í því tilviki er starfsmaður ekki að nýta neinn sölurétt þegar verð bréfanna hefur hækkað. Ef hins vegar starfsmaður nýtir sér sölurétt, það er ef bréfin hafa lækkað í verði, þá ætti að beita hlunnindamati á söluréttinn og starfsmaður ætti því að greiða tekjuskatt af þeim hlunnindum. Þetta er í hnotskurn skattalegu áhrifin á sölurétt eins og skattalögin eru í dag.

Kaup- og söluréttur er því ekki einn og sami hluturinn en skattayfirvöld hafa viljað halda því gagnstæða fram.<sup>59</sup> Starfsmaður sem tekur við kauprétti tekur þannig enga áhættu, þar sem hann metur við lok kaupréttarins hvort bréfin séu meira virði en kaupréttarverðið. Ef verðið er lægra þá tekur hann ekki kaupréttinn og lætur hann falla niður, sér algjörlega að skaðlausu.

<sup>58</sup> Héraðsdómur Reykjavíkur (22. mars 2010). E-8656/2009.

<sup>59</sup> Úrskurður yfirséðanefndar nr. 117/2009.

Starfsmaður sem tekur við sölurétti kaupir bréf í upphafi og tekur eigin áhættu af bréfunum þar sem hann þarf að greiða fyrir þau í upphafi. Hann hefur síðan möguleikann á að nýta söluréttinn eftir ákveðinn tíma ef verð bréfanna er lægra en verð söluréttarins. Því er ljóst að ef starfsmaður nýtir rétt sinn til sölu, líkt og þegar kaupréttur er nýttur, þá myndast hlunnindi í hans hendi sem honum ætti þá að bera að greiða tekjuskatt af. Áhættan er klárlega fyrir hendi hjá starfsmanni sem tekur við sölurétti að útgefandi réttarins, þá oftast banki, sé greiðsluhæfur. Ef útgefandi réttarins fer í greiðsluþrot þá verður ekkert hald í söluréttinum og því leggst öll áhættan á starfsmanninn. Hrun viðskiptabankanna haustið 2008 ber þess glöggt merki að bankar, og þar með útgefendur söluréttar, geta farið í þrot og því er útgefandinn gjaldþrota. Þannig getur starfsmaður ekki nýtt söluréttinn ef útgefandi hans er gjaldþrota.

Þegar kom að skattlagning afleiðuviðskipta hjá einstaklingum virðist það eithvað hafa vafist fyrir fjármálastofnunum, og þá sér í lagi stóru viðskiptabönkunum þremur, hvernig standa ætti að staðgreiðslu á fjármagnstekjuskatti af hagnaði sem tilkominn var vegna afleiðuviðskipta einstaklinga. Að sama skapi voru skattayfirvöld ekki tilbúin að veita bönkunum ráðleggingar um það hvernig þeir ættu að haga skattlegu uppgjöri varðandi þessi afleiðuviðskipti hjá einstaklingum. Hér er um að ræða mjög háar upphæðir en áætlanir skattarannsóknarstjóra benda til þess að um 127 milljarðar króna hafi ekki verið taldar fram í framtölum einstaklinga. Ríkisskattstjóri hefur nú sent út bréf með endurákvarðaðri skattlagningu vegna afleiðuviðskipta á allt að þúsund einstaklinga.<sup>60</sup> Verður fróðlegt að sjá hvað kemur út úr þeirri endurálagningu og innheimtu.

---

<sup>60</sup> [http://www.mbl.is/mm/frettir/innlent/2010/03/18/bankarnir\\_veittu\\_ekki\\_upplysingar\\_og\\_skiludu\\_ekki\\_a/](http://www.mbl.is/mm/frettir/innlent/2010/03/18/bankarnir_veittu_ekki_upplysingar_og_skiludu_ekki_a/)

## *Niðurlag úr seinni hluta*

---

Í seinni hluta ritgerðarinnar hefur verið farið yfir tímann frá gildistöku laga nr. 94/1996 um skattlagningu fjármagnstekna, en með þeim lögum samræmdist skattálagning á fjármagnstekjur í einn flatan skatt. Farið hefur verið yfir hvernig fjármagnstekjur hafa þróast sem skattstofn og hvernig fjármagnstekjuskattur hefur staðið fyrir vænni sneið í stækkandi köku ríkissjóðs við skattheimtu almennt.

Gerð var grein fyrir breytingum sem gerðar voru fyrst þann 1. júlí 2009 og síðar þann 1. janúar 2010. Farið hefur verið yfir tölulegan samanburð á milli landa á ítarlegri háttan gert var í fyrri hluta ritgerðarinnar.

Farið var vandlega yfir tekjur ríkissjóðs vegna tilkomu fjármagnstekjuskatts og hvernig þær stórkjóst eftir tilkomu hans og var arðgreiðslum, sem hluta af skattstofninum á Íslandi á árunum 2003 til 2008, gerð sérstök skil.

Samanburður á milli fjármagnstekjuskatts og á launaskatts var gerður, þar sem varpað var nánara ljósi á þann rangflutning eða rangskilning að fjármagnstekjur bæru um 30% lægri skatt en launatekjur. Fjallað er um hvernig til tókst út frá þeim hugmyndum og markmiðum sem lagt var upp með. Tekin voru fyrir álitamál sem upp hafa komið vegna innheimtu á fjármagnstekjum vegna kaup- og söluréttarsamninga sem og afleiðuviðskipta sem einstaklingar áttu við gömlu bankana þrjá.

## Niðurlag ritgerðarinnar

---

Í fyrri hluta ritgerðarinnar var fjallað um aðdraganda þess að fjármagnstekjuskattur var tekinn uppá Íslandi þann 1. janúar 1997. Fjármagnstekjuskattur er í raun samheiti yfir samræmda skattlagningu fjármagnstekna. Það er vægt til orða tekið að málið hafi verið einfalt og að allir væru sammála um hvaða leiðir ætti að fara og hver áhrifin og afleiðingarnar yrðu. En eitt voru þó flestallir sammála um en það var mikilvægi þess að skattleggja bæri vaxtatekjur á Íslandi, en fram til þess tíma höfðu þær verið skattfrjálsar.

Markmiðin sem lagt var upp með, þegar að fjármagnstekjuskattur var lagður á sem einn og samræmdur skattur sem lagðist á allar fjármagnstekjur, voru fyrst og fremst þrjú.

- Í fyrsta lagi að afla tekna fyrir ríkissjóð.
- Í öðru lagi að jafna tekjuskiptingu í þjóðfélaginu.
- Í þriðja lagi að hafa áhrif á athafnir einstaklinga og fyrirtækja með það fyrir augum að örva fjárfestingar í atvinnulífinu (fyrirtækjum).

Í fyrri hlutanum farið ítarlega yfir það hvernig til tókst með markmiðin, en segja má að það hafi tekist mjög vel til með tvö af þremur markmiðanna. Það er að segja að afla tekna fyrir ríkissjóð og örva fjárfestingar og þar með þátttöku einstaklinga í atvinnulífinu. Hvort að jöfnun á tekjuskiptingu hafi gengið jafn vel er svo annað mál og í raun er það efni í aðra ritgerð að fjalla um tekjujöfnuð á Íslandi.

Í seinni hluta ritgerðarinnar hefur verið farið yfir þann tíma frá gildistöku laga nr. 94/1996 um skattlagningu fjármagnstekna, en með þeim lögum samræmdu skattlagning á fjármagnstekjur í einn flatan skatt.

Farið hefur verið yfir hvernig fjármagnstekjur hafa þróast sem skattstofn og hvernig fjármagnstekjuskattur hefur staðið fyrir enn stærri sneið í stækkandi köku ríkissjóðs við skattheimtu almennt.

Gerð er grein fyrir breytingum sem gerðar voru á .... fyrst þann 1. júlí 2009 og síðar þann 1. janúar 2010.

Farið er yfir tölulegan samanburð á milli landa á nákvæmari hátt en gert var í fyrri hluta ritgerðarinnar. Farið er ítarlega yfir tekjur ríkissjóðs vegna tilkomu fjármagnstekjuskatts og

hvernig þær stór jukust eftir komu hans, þar sem arðgreiðslum sem hluta af skattstofninum á Íslandi á árunum 2003 til 2008, eru gerð sérstök skil.

Samanburður á milli fjármagnstekjuskatts og skatts á laun almennt var gerður, þar sem varpað var nánara ljósi á þann rangflutning eða skilning að fjármagnstekjur bæru um 30% lægri skatt en launatekjur.

Fjallað er um hvernig til tókst út frá þeim hugmyndum og markmiðum sem lagt var upp með í upphafi.

Tekin eru fyrir álitamál sem upp hafa komið vegna innheimtu á fjármagnstekjuskatti vegna kaup- og söluréttarsamninga sem og afleiðviðskipta sem einstaklingar áttu í við gömlu bankana þrjá.

Fróðlegt verður að fylgjast með þróun fjármagnstekjuskatts á komandi árum sem tekjuliðar hjá ríkissjóði. Hækkunin á fjármagnstekjuskatti er ætlað að auka tekjur ríkissjóðs, til að mæta þeim miklar fjárlagahalla sem er í ríkisrekstrinum. Algjör óvissa ríkir um tvo burðarliði fjármagnstekjuskatts, það er að segja söluhagnað á hlutbréfum og arðgreiðslum, sem staðið hafa undir megin hluta skattstofns fjármagnstekna.

Samræmd skattlagning fjármagnstekna í einum skatti, það er fjármagnstekjuskatti, er að mati höfundar gott dæmi um það hvernig einfaldur, gegnsær og hlutfallslega lág skattlagning getur stækkað skattstofn og þar með aukið tekjur ríkissjóðs. Í stað þess að ætla sér stærri sneiðar af kökunni eins og stjórnvöld ætla sér nú, er hætt við því að kakan minnki og þar með mun sú sneið sem endar á diskum stjórnvalda vera töluvert minni ef til breytinganna hefði ekki komið.

## Niðurstöður rannsóknarspurningar

Þegar að horft er til þeirra aðgerða sem núverandi stjórnvöld hafa gripið til með breytingum á lögum nr. 94/1996 og þær bornar saman við upprunalega markmið þá má sjá að um algjöran viðsnúning er að ræða, það er að segja að tekjuöflun til langs tíma dregst saman og áhrifin eru letjandi varðandi fjárfestingar einstaklinga til handa atvinnulífinu en líklegt verður að telja að þessi hækkun hafi einhver tekjujafnandi áhrif í þjóðfélaginu.

### Skila skattahækkanir á fjármagnstekjur meiri tekjum í ríkissjóð?

Frá janúar 1997 til loka júní 2009 var fjármagnstekjuskattur 10% flatur skattur sem lagður var á allar fjármagnstekjur. Eins og komið hefur fram þá voru gerðar breytingar á lögum nr. 94/1996 sem tóku gildi þann 1. júlí 2009 og síðari breytingar sem tóku gildi þann 1. janúar 2010. Þessar breytingar hafa leitt til þess að fjármagnstekjuskattur hækkaði á sex mánaða tímabili um 80%. Þá er það spurningin hvort að þessi skattahækkun á fjármagnstekjur skili sér í meiri tekjum fyrir ríkissjóð?

Eins og fjallað var um í fyrri hluta ritgerðarinnar voru góðar og gildar ástæður fyrir því að fjármagnstekjuskattur var hafður lægri heldur en tekjuskattur á laun.

- Ekki er gerður greinarmunur á nafn- og raunvöxtum eins á sjá má í töflu II.9, sem sýnir að raunskattlagning er allt annað en skatthlutfallstalan 10% eða 18% segir til um. Einstaklingur fær sem nemur um 6% vexti á óverðtryggðum innlánsreikningum í dag en miðað við verðbólgu, sem er 8,3% í dag<sup>61</sup>, þýðir það að raunávöxtun er neikvæð upp á 2,3%.
- Frjálst flæði fjármagns gerir það að verkum að fjármagn leitar þangað þar sem arðsemin er mest, skattahækkanir auka líkurnar á fjármagnsflóttu.
- Hagnaður fyrirtækja er í raun tvískattaður, það er að segja fyrst sem tekjuskattur lögaðila og síðan í formi fjármagnstekjuskatts á arðgreiðslur til eigenda. Samtals er því um 32,76% skatthlutfall að ræða.
- Gengishagnaður er skattlagður en gengistap er ekki frádráttarbært.
- Að lokum þá stuðlar lág skattlagning fjármagnstekna að aukinni fjárfestingu og sparnaði.

<sup>61</sup> [http://www.mbl.is/mm/frettir/forsida/2010/04/29/verdbolgan\\_nu\\_8\\_3\\_prosent/](http://www.mbl.is/mm/frettir/forsida/2010/04/29/verdbolgan_nu_8_3_prosent/)

Það er einmitt síðasti hlutinn sem er hvað mikilvægastur að horfa til í núinu. Hagkerfið á Íslandi þarfnast hvetjandi aðgerða til þess að auka fjárfestingar, sér í lagi til minni og meðalstórra fyrirtækja, en það er einn af lykilforsendum við að endurreisa íslenskt atvinnulíf og efnahag. Áhrif hækkunar eru tvenns konar, það er að segja hún hefur áhrif hvort sem horft er til skamms eða langs tíma.

Það verður að teljast líklegt að hækkunin muni geta viðhaldið tekjum ríkissjóðs til skamms tíma litið, en frítekjumarkið gerir alla útreikninga um spár um það mjög erfiðar. Ástæður þess að tekjur ríkissjóðs vegna fjármagnstekna geta haldist óbreytar eru fyrst og fremst þrjár:

- hátt vaxtastig
- umtalsverð verðbólga
- ströng gjaldeyrishöft

Við þessar aðstæður er fjármagn bundið að mestu leyti inn í lánastofnunum, en það verður að teljast mjög óheppileg ráðstöfun á innlendu fjármagni og nýtist því illa til góðra og nauðsynlegra verka. Áætlað er að um síðustu áramót hafi inneign landsmanna í bönkum verið um 1600 milljarðar króna, en árið 2003 var þessi tala um tæpir 470 milljarðar króna.<sup>62</sup> Þessar þrjár staðreyndir ýta undir það að til skamms tíma að gera megi ráð fyrir því að ríkissjóður geti haldið svipuðum skatttekjum af fjármagnstekjum.

Þegar horft er til lengri tíma og heildarmyndin skoðuð þá er hækkunin líklegri til að leiða til skaðlegra áhrifa á tekjur ríkissjóðs, íslenskt atvinnu- og efnahagslíf. Ástæðan er fyrst og fremst sú að aðgerðin hefur letjandi áhrif þegar horft er til fjárfestinga einstaklinga og það er einmitt nú sem fjárfestinga er þörf. Fjárfestingarumhverfið á Íslandi er í molum eftir hrun bankakerfisins og því verður að teljast miður að þessi leið hafi verið farin, leið sem líkleg er til að draga þróttinn enn frekar úr atvinnulífinu.

Við endurreisn íslensks atvinnu- og efnahagslífs eru fjölmargir þættir sem hafa þarf í huga.

- Mikilvægt er að virkja innlendan sparnað sem getur leitt til þess að fjárfestingar aukist, til að mynda fjárfestingar í hlutfé fyrirtækja. Það er lykilatriði til að byggja undir blómlegt atvinnulíf. Allar meiriháttar breytingar á fjármagnstekjuskatti til hækkunar draga úr vilja einstaklinga til að fjárfesta. Þó aðeins hluti af þeim sparnaði einstaklinga

---

<sup>62</sup> <http://vefblod.visir.is/index.php?netpaper=1273>



sem nú liggur inn á sparireikningum myndi skila sér út í atvinnulífið væri það gríðarleg lyftistöng og nauðsynleg innspýting til að koma öllu af stað hér aftur.

- Hættan á skattsvikum eykst og dregur þannig úr skilvirkni fjármagnstekjuskattsins. Hætt er við því að eigendur fyrirtækja, og þá sér í lagi smærri og meðalstórra fyrirtækja, sjái ekki lengur hag í því að greiða sér út arð og munu þeir þá leita annarra leiða til að fá eitthvað út úr fyrirtækinu sínu. Oftar en ekki yrði þá farið á svig við að greiða skatt af hagnaði fyrirtækisins. Þannig myndu bæði tekjur ríkisins af arðgreiðslum, sem og af tekjuskatti fyrirtækja, dragast saman.
- Fjárfestar, hvort sem þeir eru stórir eða smáir, líta á arðsemi fjárfestinga og áhættu er þeir velja sér fjárfestingar. Hærri skattlagning gerir það að verkum að arðsemiskrafa fjárfesta hækkar sem svo leiðir til þess að vænlegum verkefnum eða sparnaðarleiðum sem geta staðið undir enn hærri arðsemiskröfu fækkar. Hækkun fjármagnstekjuskatts hefur neikvæð áhrif á atvinnulífið og dregur úr möguleikum atvinnulífsins til að koma hjólum þess af stað aftur.
- Eins og kom fram í kafla II.vii. var vaxtastig í landinu 3,82 prósentustigum hærra á tímabilinu eftir upptöku fjármagnstekjuskatts, eða 9,82% miðað við 6% áður. Af þessu má leiða getur að hærri fjármagnstekjuskattur stuðli að hærri vaxtarstigi heldur en nauðsynlegt er. Hátt vaxtastig virkar svo aftur á móti letjandi á atvinnulífið, þar sem hátt vaxtastig dregur úr fjárfestingum.
- Fjármagn er kvikur skattstofn sem auðvelt er að færa á milli landa, í augnablikinu eru í gangi víðtæk gjaldeyrishöft sem að skerða að vísu möguleika einstaklingar að færa fé á milli landa. En vonir standa til að hægt verði að afnema þau sem allra fyrst og þá er eins líklegt að hækkunin geti valdið fjármagnsflótta sem gæti þá orsakað enn frekari veikingu krónunnar.

Því er það mat höfundar á fyrri rannsóknarspurningunni, hvort að skattahækkanir á fjármagnstekjur skili meiri tekjum í ríkissjóð, að henni verði að svara neitandi.

## Ber að greiða fjármagnstekjuskatt af kaup- og söluréttarsamningum?

Í kafla II.viii. er fjallað um álitamál sem komið hafa upp er varða fjármagnstekjuskatt. Seinni rannsóknarspurning ritgerðarinnar snýr einmitt að því máli.

Höfundur komst að eftirfarandi niðurstöðum er varða skattgreiðslur vegna kaup- og söluréttarsamninga, svokallaðra valréttarsamninga:

- Kaupréttarsamning ber að skattleggja sem almennar launatekjur ef viðkomandi nýtir sér réttinn við lok samnings. En það gerir hann ef verð á hlutabréfum hefur hækkað frá upphafi samnings til loka hans. Því ber að skattleggja hagnaðinn sem launaskatt því þetta eru hlunnindi hjá viðkomandi.
- Hins vegar ber ekki að greiða skatt af kaupréttarsamningi ef hlutabréfin hafa lækkað í verði frá upphafi til enda, þar sem starfsmaðurinn getur ekki hagnast á þeim gjörningi lætur hann kaupréttinn niður falla.

Niðurstaða er því sú að greiða ber launaskatt af kauprétti sé hann nýttur, sbr. 9. og 10. gr. TSL.

En þegar að kemur að söluréttarsamningum er ekkert í lögnum sem segir til um hvernig beri að skattleggja þá, öfugt við kaupréttarsamninga. Því þarf að álykta til þess að komast að niðurstöðu. Ályktun höfundar er eftirfarandi:

- Söluréttarsamning ber að skattleggja sem launatekjur ef að viðkomandi nýtir sér hann í lok samnings. Það gerir hann ef hlutabréfaverð hefur lækkað í verði frá upphafi samnings. Sölurétturinn tryggir viðkomandi að hann fái að selja á því verði sem hann keypti á í upphafi. Því ber að skattleggja mismuninn á markaðsvirði og söluréttarvirði sem launatekjur því þetta teljast til hlunninda hjá viðkomandi.
- Hins vegar telur höfundur að ef að hlutabréfaverð hefur hækkað frá upphafi til loka samnings, geti viðkomandi selt hlutabréfin á almennum markaði og hagnast þannig á sölunni vegna kaupana sem hann framkvæmdi við upphaf samnings. Því beri viðkomandi að greiða fjármagnstekjuskatt af hagnaðinum samkvæmt lögum nr. 94/1996.

Niðurstaðan er því sú sama og með kauprétt, það er að segja að ef sölurétturinn er nýttur ber að greiða launaskatt en fjármagnstekjuskatt ef hann ekki er nýttur, því þá myndast söluhagnaður hjá viðkomandi.

Svarið við seinni rannsóknarspurningunni er því: Nei, það ber að greiða launaskatt ef valréttarsamningar eru nýttir, ekki fjármagnstekjuskatt. Ef þeir hins vegar eru ekki nýttir bera þeir annars vegar engan skatt, það er kaupréttur, og hins vegar fjármagnstekjuskatt, það er söluréttur, svo framarlega sem viðkomandi selur hlutabréfin sem hann keypti í upphafi.

## Lokaorð

---

Það verður fróðlegt að fylgjast með þróun fjármagnstekna og innheimtu fjármagnstekjuskatts á komandi árum. Með aðgerðum sínum nú, það er hækkun fjármagnstekjuskatts, hafa stjórnvöld í raun brugðist við á öfugan hátt miðað við það ástand sem ríkir hér á landi. Í yfirferð höfundar um „sögu“ fjármagnstekjuskatts má segja að með tilkomu fjármagnstekjuskatts hafi sannmælið um að minna er oft meira, verið sannreynt enn á ný.

Að mati höfundar hefðu stjórnvöld átt að bregðast við aðstæðum hér á landi með hvetjandi aðgerðum í skattamálum en ekki letjandi. Í staðinn hefðu stjórnvöld átt að freista þess að ná einhverjum hluta af sparifé landsmanna, sem liggur í innlánsstofnunum, þaðan út með hvetjandi aðgerðum vegna fjárfestinga og virkja þannig það fjármagn í þágu uppbyggingar atvinnu- og efnahagslífs hér á landi. Þó ekki nema hluti af þeim sparnaði einstaklinga sem nú liggur inn á sparireikningum myndi skila sér út í atvinnulífið væri það gríðarleg lyftistöng og nauðsynleg innspýting til að koma öllu af stað hér aftur.

Í ljósi nýjustu fréttu af aðgerðum ríkisskattstjóra má sjá að yfirvöld ætla sér að beita lögum sem eru í gildi um kauprétti til þess að innheimta launaskatt af hagnaði söluréttarsamninga, þrátt fyrir að ekkert komi fram um það hvernig skattleggja eigi söluréttarsamninga í skattalögnum.<sup>63</sup> Verður fróðlegt að fylgjast með gangi mála á komandi misserum og bíður höfundur spenntur eftir því að niðurstöður úr hæstarétti fáiist, til að bera þær saman við þær niðurstöður sem höfundur komst að í ritgerð þessari.

---

<sup>63</sup> <http://visir.is/article/20100502/VIDSKIPTI06/867380221>

## Heimildaskrá

---

### Fræðibækur

---

Hull, John C. 1993. *Options Futures & Other Derivatives*. 6. Útg. Prentice Hall, New Jersey.

### Lög

---

Lög nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

Lög nr. 90/2003 um tekjuskatt.

### Skýrslur

---

Útgefin rit Fjármálaráðuneytis, Álit og tillögur nefndar um samræmda skattlagning fjármagnstekna. Febr. 1996, [http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/Utgefin\\_rit/Samr\\_skattl\\_fjarmagnst1996.pdf](http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/Utgefin_rit/Samr_skattl_fjarmagnst1996.pdf) (skoðað 27. mars 2010).

Vefrit fjármálaráðuneytisins. 1. ágúst 2002.

[http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/vefrit/Vefrit\\_fjarmalaraduneytisins\\_2001\\_2004\\_I.pdf](http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/vefrit/Vefrit_fjarmalaraduneytisins_2001_2004_I.pdf)  
(Skoðað 8. apríl 2010).

Vefrit fjármálaráðuneytisins. 11. september 2003.

[http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/vefrit/Vefrit\\_fjarmalaraduneytisins\\_2001\\_2004\\_I.pdf](http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/vefrit/Vefrit_fjarmalaraduneytisins_2001_2004_I.pdf)  
(Skoðað 9. apríl 2010).

Vefrit fjármálaráðuneytisins. 5. ágúst 2004.

[http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/vefrit/Vefrit\\_fjarmalaraduneytisins\\_2001\\_2004\\_I.pdf](http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/vefrit/Vefrit_fjarmalaraduneytisins_2001_2004_I.pdf)  
(Skoðað 9. apríl 2010).

Vefrit fjármálaráðuneytisins. 12. ágúst 2004.

[http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/vefrit/Vefrit\\_fjarmalaraduneytisins\\_2001\\_2004\\_I.pdf](http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/vefrit/Vefrit_fjarmalaraduneytisins_2001_2004_I.pdf)  
(Skoðað 9. apríl 2010).

Vefrit fjármálaráðuneytisins. 3. ágúst 2006.

[http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/vefrit/Vefrit\\_fjarmalaraduneytisins\\_2005\\_2009\\_II.pdf](http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/vefrit/Vefrit_fjarmalaraduneytisins_2005_2009_II.pdf)  
(Skoðað 9. apríl 2010).

Vefrit fjármálaráðuneytisins. 1. febrúar 2007.

[http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/vefrit/Vefrit\\_fjarmalaraduneytisins\\_2005\\_2009\\_II.pdf](http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/vefrit/Vefrit_fjarmalaraduneytisins_2005_2009_II.pdf)  
(Skoðað 9. apríl 2010).

Vefrit fjármálaráðuneytisins. 12. apríl 2007.

[http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/vefrit/Vefrit\\_fjarmalaraduneytisins\\_2005\\_2009\\_II.pdf](http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/vefrit/Vefrit_fjarmalaraduneytisins_2005_2009_II.pdf)  
(Skoðað 9. apríl 2010).

Vefrit fjármálaráðuneytisins. 3. september 2009.

[http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/vefrit/Vefrit\\_fjarmalaraduneytisins\\_2005\\_2009\\_II.pdf](http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/vefrit/Vefrit_fjarmalaraduneytisins_2005_2009_II.pdf)  
(Skoðað 9. apríl 2010).

Skýrsla rannsóknarnefndar alþingis. Apríl 2010. Bindi 9, viðaukar 2-4. Rannsókn á krosseignatengslum og útlánnum bankanna til tengdra aðila. (Skoðað 23. apríl 2010).

## Heimildir af veraldarvefnum

---

- Friðrik Sophusson (1996, 20. júní) *Samræmd skattlagning fjármagnstekna*.  
[http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=271384](http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=271384) (skoðað 31. mars 2010).
- www.mbl.is (1996, 7. maí). *Nánast engin verðbólga! HÆKKUN verðlags á fyrsta ársfjórðungi 1996*.  
[http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=263567](http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=263567) (skoðað 31. mars 2010).
- <http://europa.eu>[2010]. [http://europa.eu/pol/tax/index\\_en.htm](http://europa.eu/pol/tax/index_en.htm) (skoðað 10. apríl 2010).
- www.rsk.is (2010). Fjármagnstekjuskattur. <http://www.rsk.is/einstakl/skattar/fjarmagns>. (skoðað 28. mars 2010).
- Kristinn H. Gunnarsson (136. löggjafarþing 2008–2009). Þskj. 599 — 351. mál.  
<http://www.althingi.is/alttext/136/s/0599.html> (skoðað 11. apríl).
- www.ibfd.org. [2010]. France *individual taxation*. [http://www.ibfd.org/portal/pdf/eth\\_individual.pdf](http://www.ibfd.org/portal/pdf/eth_individual.pdf)  
(skoðað 8. apríl 2010).
- www.hagstofa.is (2010).  
[http://www.hagstofa.is/?PageID=755&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=THJ05132%26ti=Sundurli%F0un+%E1+tekjum+hins+opinbera+1998%2D2008+++%26path=../Database/thjodhagsreikningar/fjar\\_mal\\_opinber/%26lang=3%26units=Millj%F3nir%20kr%F3na/hlutfall](http://www.hagstofa.is/?PageID=755&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=THJ05132%26ti=Sundurli%F0un+%E1+tekjum+hins+opinbera+1998%2D2008+++%26path=../Database/thjodhagsreikningar/fjar_mal_opinber/%26lang=3%26units=Millj%F3nir%20kr%F3na/hlutfall) (skoðað 15. apríl 2010).
- www.mbl.is (1998, 6. ágúst). *Ríkisreikningur* fyrir árið 1997 sýnir betri stöðu ríkissjóðs.  
[http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=412242](http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=412242) (skoðað 10. apríl).
- www.rsk.is (2010). *Tekjuskattur* og útsvar einstaklinga  
<http://rsk.is/einstakl/skattar/tekjusk/tekjuskattur> (skoðað 11. apríl 2010).
- www.rsk.is (2010). *Reiknað endurgjald 2010*. [http://rsk.is/skjal/rsk\\_0602\\_2010.is.pdf](http://rsk.is/skjal/rsk_0602_2010.is.pdf) (skoðað 15. apríl 2010).
- www.sedlabanki.is (2010). *Vextir*. <http://www.sedlabanki.is/?PageID=8> (skoðað 14. apríl 2010).
- www.sedlabanki.is (30. apríl 2008). *Umsögn um frumvarp*. <http://www.sedlabanki.is/?PageID=8> (skoðað 14. apríl 2010).
- Egill Ólafsson (18. mars 2010). *Bankarnir veittu ekki upplýsingar og skiluðu ekki alltaf staðgreiðslu*.  
[http://www.mbl.is/mm/frettir/innlent/2010/03/18/bankarnir\\_veittu\\_ekki\\_upplýsingar\\_og\\_skiludu\\_ekki\\_a/](http://www.mbl.is/mm/frettir/innlent/2010/03/18/bankarnir_veittu_ekki_upplýsingar_og_skiludu_ekki_a/) (sótt 1. apríl 2010).
- Kolbeinn Óttarsson Proppé (12. mars 2010). Eiga sextánhundruð milljarða í sparifé. *Fréttablaðið*, 60.tb. bls. 1 og 6. (<http://vefblod.visir.is/index.php?netpaper=1273>) (skoðað 18. apríl 2010).
- Guðný Helga Herbertsdóttir (2. maí 2010). *Tugir fyrirverandi stjórnenda banka fá bakreikninga*.  
<http://visir.is/article/20100502/VIDSKIPTI06/867380221> (skoðað 2. maí 2010).

## Dómar og úrskurðir

---

- Héraðsdómur Reykjavíkur 22. mars 2010 í máli nr. E-8656/2009.  
<http://www.domstolar.is/domaleit/nanar/?ID=E200908656&Domur=2&type=1&Serial=1&Words=>  
(Skoðað 25. mars 2010).
- Yfirkattanevnd (2009). Úrskurður nr. 117/2009. <http://yskn.is/>. (skoðað 18. mars 2010).

